



SKOÐUN Guðmundur Andri segir hvalveiðar Íslendinga grundvallast af mótþróaröskunarfíkn. 13



MENNING Jóhanna Guðleif safnaði fyrir græna kortinu á netinu til að geta verið með eiginmanni sínum. 30



SPORT Grannarnir Elvar Már Friðriksson og Gunnar Ólafsson verða áfram erkifjendur vestan Atlantshafsins. 26



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

27. janúar 2014
22. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Deila um utangarðsfólk
Stjórnvöld og Reykjavíkurborg greinir á um ábyrgð á málefnum utangarðsfólks. Heilbrigðisráðherra segir að hlutverk sveitarfélaganna sé að tryggja framfærslu íbúa sinna 4
Íslenskt veiðihjól fer víða Fyrirtækið Fossadalur á Ísafirði framleiðir fluguveiðihjól sem eru komin í sölu í Japan. Bandaríkjamarkaður er næstur á dagskrá 2
Bíða í tvö ár eftir parkúr Um 140 bíða eftir því að komast að í æfingar í parkúr-götufimleikum hjá fimleikafélaginu Gerplu vegna aðstöðuleysis. Hið sama er uppi á teningnum víðast hvar, að sögn þjálfara. 10



Bolungarvík	1°	ANA 8
Akureyri	0°	ANA 4
Egilsstaðir	0°	ANA 5
Kirkjubæjarkl.	1°	ANA 6
Reykjavík	3°	ANA 4

Él á Vestfjörðum, dálítill úrkoma austanlands en annars úrkomulaust að mestu. Strekkingur með SA-ströndinni en annars hægar vindur. 4

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



Sparað að kalla út túlk þrátt fyrir lög

Samkvæmt lögum um réttindi sjúklunga á að kalla til túlk ef sjúklingur talar ekki íslensku. Samt sem áður eru mörg dæmi um að börn túlki fyrir foreldra sína í viðkvæmum aðstæðum. Fagfólk í innflytjendamálum telur sparnað vera ástæðuna.

Mörg dæmi eru um að lögum um túlkabjónustu sé ekki fylgt á Íslandi og börn eða kunningjar látnir túlka í viðkvæmum aðstæðum.



JOLANTA POLANSKA

Íslensk lög kveða á um að þeir sem ekki tala íslensku eigi rétt á túlki við ýmsar aðstæður, til dæmis í lögum um réttindi sjúklunga. Þrátt fyrir lögin er því í mörgum tilfellum sleppt að kalla til túlk segir fagfólk, sem vinnur að málefnum innflytjenda og er það rakið til sparnaðar ríkis og sveitarfélaga. „Við fáum fréttir af þessu á hverjum degi,“ segir Jolanta Polanska, sem hefur starfað sem túlkur í fimmtán ár og rekur

Túlkabjónustuna. „Ég hef sjálf orðið vitni að því að börn og kunningjar túlka fyrir ættingja eða vini í mjög viðkvæmum aðstæðum. Í mörgum tilfellum verður túlkunin ekki nógu góð eða skýr þar sem íslenskukunnáttan er ekki nægileg. Börn hafa ekki nægilegan orðaforða til að standa í túlkunum á til dæmis flóknum læknisfræðiheimum og þetta getur skapað mikla vanlíðan hjá þeim. Fyrir utan það að þau ættu ekki að vera milliliður í heilbrigðisþjónustu foreldra sinna.“

Jolanta telur að hér sé um sparnað að ræða og þá sérstaklega í heilbrigðiskerfinu. „Ég veit

um nokkur tilfelli í mæðraeftirliti þar sem konum er tilkynnt að þær geti aðeins tvisvar fengið túlk í mæðraskoðun. En það er ekki rétt, þær eiga rétt á því í hvert skipti samkvæmt lögum.“

Edda Ólafsdóttir, sérfræðingur í innflytjendamálum á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur, tekur í sama streng. „Ráðgjafarnir sem starfa hjá okkur hafa heyrt ótal dæmi um börn sem túlka fyrir foreldra. Núna nýlega var tíu ára barn til sex um morguninn á bráðamóttökunni með veikum föður sínum að túlka. Þrátt fyrir að foreldrarnir vilji mögulega að barnið túlki þá eiga yfirvöld að vernda börnin og kalla til túlk.“

- ebg / sjá síðu 6



ALLAR SEM EIN Alþjóðlegu Reykjavíkurleikunum lauk í gær en þetta var í sjöunda sinn sem þeir fóru fram. Íþróttafélag Reykjavíkur stendur að leikunum í samstarfi við sér sambönd ÍSÍ og Íþróttafélagin í Reykjavík. Keppt var í tuttugu íþróttgreinum að þessu sinni og á fimmta hundrað erlendra gesta sóttu leikana heim. Meðal annars var keppt í hópímleikum og hér má sjá stúlkur úr Fimleikafélagi Akureyrar leika listir sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



RÚV Líklegt bykir að í dag verði tilkynnt um ráðningu á útvarpsstjóra.

Stjórn RÚV tók ákvörðun: Útvarpsstjóri tilkynntur í dag

FJÖLMIDLAR Líklegt er að tilkynnt verði í dag hver verði ráðinn nýr útvarpsstjóri RÚV. Fram kom á vefsíðu RÚV í gær að búið væri að ákveða hverjum hinna 39 umsækjenda verði boðin þessi eftirsóknarverða staða. Nafn Magnúsar Geirs Þórðarsonar, leikhússtjóra Borgarleikhússins, hefur oft verið nefnt varðandi stöðuna. Ekki náðist í Magnús Geir í gær og ekki heldur í Ingva Hrafn Óskarsson, formann stjórnar RÚV. Ekki hafði verið rætt við Ólínu Þorvarðardóttur og Stefán Jón Hafstein, sem voru á meðal umsækjenda, þegar blaðamaður hafði samband við þau í gær. - fb

Íslensk tónlist gerir það gott: Í aðalhlutverki á Eurosonic

TÓNLIST Íslandi hefur verið formlega boðið að vera heiðursgestur á Eurosonic-tónlistarhátíðinni í Groningen í Hollandi á næsta ári en hátíðin fer fram um miðjan



SIGTRYGGUR BALDURSSON

janúar ár hvert. „Nú er að fara í gang fjármögnun verkefnisins og við verðum að svara því hvort Ísland þiggur boðið fyrir miðjan febrúar,“ segir Sigtryggur Baldursson, framkvæmdastjóri Útóns. „Eurosonic er orðin að öflugustu kynningarhátíð Vestur-Evrópu um þessar mundir og má segja að þetta sé ekki ósvipað því þegar Ísland var heiðursgestur á bókmenntahátíðinni í Frankfurt árið 2011,“ bætir Sigtryggur við. - glp / sjá síðu 30

Paratabs®
Actavis

Málefni stúlku sem var fjarlægð af heimili vegna ásakana um vanrækslu: Fjögur önnur börn á heimilinu

DÓMSMÁL Fjögur önnur börn eru til heimilis á sama stað og sex ára gömul telja sem Hæstiréttur úrskurðaði á föstudag að skyldi dvelja hjá fösturfjölskyldu á meðan ásakanir um vanrækslu eru til rannsóknar. Í fréttum Stöðvar 2 í gær sagði að grunur léki á að telpan, sem kom hingað til lands árið 2012 undir forsjá afa síns, hafi verið fórnarlamb mansals, og hafi komið hingað til lands á fölsuðum skilríkjum, en Púríður Halldórsdóttir, lögmaður afans, þvertur fyrir slíkt. „Þetta eru ósannindi sem er verið að bera upp á þetta fólk,“ sagði hún í samtali við Vísi og segir að misskilnings hafi gætt í úrskurði héraðsdóms, sem Hæstiréttur byggði á.

Fólkið er frá Haftí, en við komuna hingað vísaði afinn fram gögnun þar sem tekið var fram að hann færi með forsjá telpunnar þar sem móðir hennar hefði látist í hamförnum árið 2010. Fjölskyldan flutti inn til ættingja sem búsettir hafa verið hér á landi um nokkurt skeið. Í dómnum er meðal annars greint frá tilkynningum um að á heimilinu hafi börnin verið eftirlitslaus og að mikill barnsgrátur bærst frá íbúðinni á öllum tímum sólarhrings, í bland við háværa tónlist, öskur og köll. Tilkynningar bárust um að afinn hefði beitt telpuna, sem og aðra á heimilinu, ofbeldi. Púríður segir að ábendingar um illa meðferð og ofbeldi í garð stúlk-

„Ég veit ekki hvort þetta eru kynþáttafordómar eða hvað af hálfu fólksins sem er að tilkynna þennan hávaða eða læti.“

Púríður Halldórsdóttir, lögmaður

unnar séu ekki í neinum tengslum við raunveruleikann. „Þetta er mjög alvarlegur áburður sem er verið að bera á manninn. Ég veit ekki hvort þetta eru kynþáttafordómar eða hvað af hálfu fólksins sem er að tilkynna þennan hávaða eða læti,“ segir hún.

- þþ / js

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland

SPURNING DAGSINS



Benedikt, kemur maður í konu stað?

„Jú, því konur eru líka menn.“ Benedikt Erlingsson tekur við leikstjórn leikritsins Svanir skilja ekki af eiginkonu sinni Charlotte Bøving, sem fékk hlutverk í kvikmynd Baltasars Kormáks, Everest.

Forsætisráðherra um verðtryggingu í útvarpsviðtali á Sprengisandi: Segir afnámið einfalda aðgerð

STJÓRNMÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði á Sprengisandi á Bylgjunni í gærmorgun, að hann vilji afnema verðtryggingu eins hratt og mögulegt er. Hann segir að bæði meirihluta- og minnihlutaálit sérfræðinefndar um verðtryggingu boði að verðtryggingin verði afnumin.



SIGMUNDUR D. GUNNLAUGSSON

„Sem betur fer þá er megin-

munurinn minnihlutans og meirihlutans í nefndinni tímafaktorinn, þ.e.a.s. hversu langan tíma þau telja að það muni taka að afnema verðtryggingu. Þarna erum við með tvenns konar álit sem bæði marka gríðarleg tíma- mót og fela bæði í sér að afnema verðtrygginguna. Ég vil að þetta gerist eins hratt og mögulegt er án þess að

skapa hættur,“ sagði Sigmundur. Meirihluti sérfræðinefndar um verðtryggingu sagði í álitinu að ekki sé hægt að afnema verðtryggingu nema við viss skilyrði. Sigmundur Davíð telur hins vegar að það sé tiltölulega einföld framkvæmd að afnema verðtrygginguna. Þó vildi hann ekki að fólk lenti í verulegum greiðsluferðum vegna þess að greiðslubyrðin ykist til muna einn mánuðinn.

- jkk

Ný rannsókn um Rómverja: Báru ekki frekar út meybörn

VÍSINDI Um 1.800 ára gömul bein ungbarna í Englandi, hafa breytt skoðunum vísindamanna á ungbarnamorðum Rómverja. Gerð var ný rannsókn á beinum 25 ungbarna, sem drepin voru skömmu eftir fæðingu. Niðurstöðurnar gefa í skyn að stúluk börn hafi ekki verið myrt oftar en drengir, eins og áður var talið.

Gömul handrit sýna fram á að barnmorð í Rómaveldi voru viðurkennd venja og eina leiðin til að stjórna stærð fjölskyldna.

- sk6



NÝSKÖPUNARVERÐLAUN Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, afhenti viðurkenningarnar á Grand hóteli á föstudag.

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála:

Verðlauna nýsköpun í stjórnsýslu

STJÓRNSÝSLA Bráðadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss hlaut fyrir helgi nýsköpunarverðlaunin 2014 í opinberri þjónustu og stjórnsýslu. Þetta var í þriðja sinn sem verðlaunin voru veitt og og að þessu sinni voru yfir 40 verkefni tilnefnd.

Verkefni Landspítalans felur í sér notkun skjáborðs í gæða- og öryggisstjórnun á bráðamóttöku. Það þykir gefa starfsfólki mikilvægar upplýsingar og gera stjórnendum kleift að bregðast við álagspunktum með markvissari hætti en áður.

Auk þess hlutu fjögur önnur verkefni sérstakar viðurkenningar fyrir nýsköpunarverkefni á sínum vegum.

- þj

Hringurinn á afmæli:

110 milljónir til Barnaspítalans

GÓÐGERÐARMÁL Kvenfélagið Hringurinn fagnaði 110 ára afmæli sínu í gær og veitti af því tilefni Barnaspítala Hringisins 110 milljón króna gjöf sem verður nýtt til tækjakaupa á deildum spítalans.

Fyrir tveimur árum fékk spítalinn 70 milljón króna gjöf frá kvenfélaginu og því alls um 180 milljónir króna á rúmum tveimur árum. „Þær hafa stutt barnaspítalann bæði með húsnæði og tækjabúnaði. Við erum sam- bærilega tækjum búin og bestu barnaspítalar í heiminum,“ segir Jón Hilmar Friðriksson, framkvæmdastjóri kvenna- og barna- sviðs LHS.

- jkk

Porleifur fetar nýjar slóðir:

Gefur ekki kost á sér fyrir VG

STJÓRNMÁL Porleifur Gunnlaugsson varaborgarfulltrúi gefur ekki kost á sér á lista Vinstri grænna fyrir komandi borgarstjórnarkosningar í vor.

„Mér hefur ekki fundist mínar áherslur hljóta nógu mikinn hljómgrunn í flokknum og upplifi ekki þennan flokk sem þann róttæka félagshyggjuflokk sem ég gekk í á sínum tíma,“ segir Porleifur í samtali við Fréttablaðið.

Porleifur útilokar þó ekki að hann muni taka áfram þátt í borgarþólitikinni. „Ég hef rætt við marga, þar á meðal við félags- hyggjufólk úr VG, Samfylkingunni, búsáhaldaafólk úr Dögun og óflokksbundna.“

- ebg

Íslensk fluguveiðihjól komin í sölu í Japan

Veidihjólafurumleiðandinn Fossadalur á Ísafirði samdi fyrir áramót um sölu og dreifingu á vörum fyrirtækisins í Japan. Samningar við fyrirtæki í Bandaríkjunum og Kanada eru langt komnir. Fyrirtækið framleiðir tvær tegundir af hjólum.

VIÐSKIPTI „Ég var að klára samning við fyrirtæki í Japan um dreifingu og sölu á hjólunum núna fyrir áramótin og við erum með í burðarliðnum samninga við fyrirtæki í Bandaríkjunum og Kanada sem eru langt komnir,“ segir Steingrímur Einarsson, framkvæmdastjóri Fossadals á Ísafirði.

Fyrirtækið er eini íslenski veiðihjólafurumleiðandinn og starfsmenn þess smíða hjólin úr áli frá Alcoa í Bandaríkjunum og selja undir vörumerkinu Einarsson.

„Við erum einnig með í undirbúningi skoðun á mörkuðum í Rússlandi, Ástralíu og á Nýja-Sjálandi. Í Skandinavíu og Norður-Evrópu erum við hins vegar búnir að koma okkur þökkalega fyrir. Við höfum þó komist að því að einn starfsmaður hér á skrifstofunni á Ísafirði getur engan veginn séð um sölu og markaðssetningu í öllum þessum löndum og því erum við að koma okkur upp neti umboðsmanna um allan heim sem munu sinna þessum þætti starfseminnar, með öflugum stuðningi frá skrifstofunni



hér á Ísafirði,“ segir Steingrímur.

Hann stofnaði fyrirtækið fyrir sjö árum og framleiðir nú tvær gerðir af hjólum í átta mismunandi stærðum. Hægt er að flokka hjólin í tvo verðflokkka, annars vegar hjól sem kosta á bilinu sextíu til hundrað þúsund krónur, og hins vegar hjól sem kosta frá hundrað upp í hundrað og fjórtíu þúsund krónur. Ódýrari hjólin eru að sögn Steingríms létt og sterk og hafa getið sér gott orð á erlendri grundu.

„Hin gerðin eru hjól sem við köllum Invictus en þar höfum við hannað nýja gerð af bremsubúnaði sem hefur vakið mikla athygli. Bremsan á því hjóli er mun mýkri en áður hefur þekkt sem þýðir í rauninni að veiðimenn missa færri fiska.

Við höfum þó komist að því að einn starfsmaður hér á skrifstofunni á Ísafirði getur engan veginn séð um sölu og markaðssetningu í öllum þessum löndum og því erum við að koma okkur upp neti umboðsmanna um allan heim

Steingrímur Einarsson, framkvæmdastjóri Fossadals

Þau seljast aðallega í löndum eins og Finnlandi og Noregi þar sem menn eru í laxveiðinni í stórum ám og stórum fiskum.

Steingrímur segir Þýskaland vera stærsta einstaka markaðinn en að önnur lönd eins og Finnland, Noregur og Svíþjóð séu einnig að koma sterk inn.

„Svo má ekki gleyma okkar heimamarkaði sem alla tíð hefur stutt vel við okkur. Við erum því mjög bjartsýn á komandi ár. Núverandi eigendur, sem eru flestir búnir að vera með okkur frá upphafi, hafa verið einstaklega þolinmóðir, og ég get með góðri samvisku sagt að nú sjö árum eftir stofnun erum við loksins farin að sjá árangur erfiðisins.“

haraldur@frettabladid.is



ÍSLENSK HÖNNUN Veiðihjólin frá Fossadal eru framleidd í mörgum litum. Þau hafa vakið athygli langt út fyrir landsteinana og eru meðal annars komin í sölu í Japan.

Advertisement for HEYRNARSTÖÐIN featuring a man playing a trumpet. Text includes 'ÓKEYPIS HEYRNAR- MÆLING' and contact information: Kringlunni Sími 568 7777 heyrnarstodin.is

Púsundir Úkraínumanna sungu þjóðsönginn í miðborg Kænugarðs: Báru líkkistu mótmælanda

ÚKRAÍNA.AP Þúsundir Úkraínumanna hrópuðu „Hetja!“ og sungu þjóðsönginn þegar líkkista manns sem lést í síðustu viku í mótmælum gegn stjórnvöldum, var borin um miðborg Kænugarðs.

Mikhail Zhiznevsky, 25 ára, var einn þriggja mótmælanda sem lést í átökum við lögregluna.

Mótmælin í Úkraínu héldu áfram í gær þrátt fyrir tillögu forsetans Viktor Janúkovíts um að stjórnarandstöðuleiðtogar yrðu gerðir að forsætis- og varaforsetisráðherra. Stór hópur mótmælanda réðst til atlögu á stærsta sýningar- og ráðstefnuhús Kænugarðar, köstuðu þangað eldspregjum og skutu flugeldum. Lögreglan svaraði með tárágasi.

Arsení Jatsenjók, fyrrverandi utanríkisráðherra Úkraínu, sem reyndi að færa þjóðina nær inn-



KISTAN BORIN Stjórnarandstöðingar halda á kistu manns sem lést í mótmælunum í síðustu viku. MYND/AP

göngu í Evrópusambandið, sagði hópi mótmælanda á aðaltorgi Kænugarðs að Janúkovíts forseti yrði að gangast við helstu kröfum stjórnarandstöðunnar og að viðræður myndu halda áfram.

Stjórnarandstaðan hafnaði tillögu hans um að stjórnarand-

stöðuleiðtogar yrðu gerðir að forsætis- og varaforsetisráðherra. Hún krefst þess að stjórnvöld geri fríværslunarsamning við Evrópusambandið, leysi pólitíska fanga úr haldi og að haldnar verði forsetakosningar sem allra fyrst.

- fb

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



MEST SELDI BÍLL Á ÍSLANDI 2013



Nýr ŠKODA Octavia Combi

Bandalag íslenskra bílblaðamanna (BÍBB) valdi **ŠKODA Octavia** bíl ársins á Íslandi 2014. Auk þess að vera sigurvegari í flokki stærri fólksbíla fékk **ŠKODA Octavia** hæstu einkunn af þeim níu bílum sem öttu kappi í lokaúrslitunum. Þessi úrslit ættu ekki að koma Octavia-eigendum á óvart, enda hefur það sýnt sig að **ŠKODA Octavia** er með allra hagkvæmustu, öruggustu, þægilegustu og sparneytnustu bílunum í sínum flokki. Það kemur því ekki á óvart að **ŠKODA Octavia** var mest seldi bíll á Íslandi árið 2013.

ŠKODA Octavia Combi
kostar frá 3.970.000,-



Eyðsla frá 3,8 l/100 km



CO₂ frá 99 g/km



5 stjörnur í árekstrar-
prófunum EuroNcap



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn ÍsaPrói

SVONA ERUM VIÐ



242.492 ökutæki voru skrásett á Íslandi árið 2012. Árið 2002 voru skrásett ökutæki alls 183.698.

Nítján ára piltur myrta tva og svipti sig lífi í verslunarmiðstöð í Maryland: **Báru kennsl á byssumanninn**

MARYLAND, AP Lögreglan hefur borið kennsl á byssumanninn sem skaut tvær menneskjur til bana í verslunarmiðstöð í Maryland í Bandaríkjunum á laugardagskvöld áður en hann svipti sig lífi. Hann hét Dairion Marcus Aguilar, var nítján ára og bjó með móður sinni í College Park þar sem Maryland-háskóli er staðsettur. Pilturinn mætti í verslunarmiðstöðina skömmu eftir klukkan 10 að morgni laugardags vopnaður vélbyssu og drap tvo starfsmenn

hjólabrettaverslunar áður en hann framdi sjálfsvíg. Lögreglan, sem var mætt á vettvang skömmu eftir að árásin hófst, á enn eftir að komast að því hvort byssumaðurinn þekkti fórnarlömb sín. Þau voru Brianna Benlolo, 21 árs, og Tyler Johnson, 25 ára. Aguilar hafði keypt byssuna í verslun í Montgomery-sýslu í síðasta mánuði. Fimm til viðbótur særdust í árásinni og voru þeir allir útskrifaðir af sjúkrahúsi á laugardagskvöld.



Á **VETTvangi** Hópur vel vopnaðara sérsveitarmanna á leiðinni á vettvang í verslunarmiðstöðinni á laugardaginn.

Miklagljúfur í Arizona-ríki: **Gljúfrið yngra en menn héldu**

VÍSINDI Miklagljúfur, eða Grand Canyon, sem er eitt helsta náttúrufyrirbæri í Bandaríkjunum, er samkvæmt nýrri rannsókn umtalsvert yngra en áður var talið. Í frétt á vef BBC, þar sem vísað er í grein úr Nature Geoscience, segir að áður hafi verið talið að gljúfrið væri um 70 milljóna ára gamalt, en nú þykir sýnt að meira en helmingur 450 kílómetra langs gljúfursins sé einungis um fimm til sex milljón ára gamall.



DALA-RAFNI Togbáturinn Dala-Rafn VE verður sjöunda skip Ísfélagsins.

Sjöunda skipið í flotann: **Ísfélagið kaupir Dala-Rafn**

SJÁVARÚTVEGUR Ísfélag Vestmannaeyja hf. hefur gert samning um kaup á öllum hlutabréfum í útgerðarfélaginu Dala-Rafni ehf. sem gerir út togbátinn Dala-Rafn. Aflaheimildir félagsins á yfirstandandi fiskveiðiári eru tæp 1.600 þorskígildistonn.

Sagt er frá því á vef Eyjafretta að kaupun séu liður Ísfélagsins í hagræðingaraðgerðum. Þá segir að með kaupunum styrki Ísfélagið mjög veiðar og vinnslu félagsins á bolfiski. Félagið gerir út sex skip og er eitt í smíðum í Tyrklandi.

Samkomulag um Sýrland: **Konur og börn yfirgefa Homs**

SVISS, AP Samkomulag hefur náðst um að konur og börn sem hafa verið lokað inni í hluta borgarinnar Homs í Sýrlandi fái að yfirgefa svæðið. Friðarviðræður hafa staðið yfir í Genf vegna ástandsins í Sýrlandi.

Lakhdar Brahimi, samningamaður Sameinuðu þjóðanna, sagði betra að fara of hægt í viðræðunum en of hratt. „Ef þú hleypur græðirðu kannski klukkustund en tapar einni viku,“ sagði hann. Stjórnvöld í Sýrlandi segja að forsetinn Bashar Assad hafi ekki í hyggju að láta frá sér „lyklana að Damaskus“.

Tekist á um verkaskiptingu í málefnum utangarðsfólks

Heilbrigðisráðherra svarar beiðni borgaryfirvalda um aukna ábyrgð ríkisins í málefnum utangarðsfólks svo, að grundvallarskylda sveitarfélagsins sé að tryggja framfærslu sinna íbúa. Þorleifur Gunnlaugsson, sem var í starfshópi um nýja stefnu borgaryfirvalda, segir borgina ekki geta firrt sig ábyrgð og markvissari stefnu þurfi.

SAMFÉLAGSMÁL Mikilvægt er að heilbrigðisvæðing og sveitarfélög eigi gott samstarf um málefni utangarðsfólks, segir Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra, en jafnframt sé mikilvægt að sett sé skýr mörk. Hann segir grundvallarskyldu sveitarfélaga vera að tryggja framfærslu íbúa sinna enda hafi þau verið stofnuð til að sinna því hlutverki.



EYGLÓ HARÐAR-DÓTTIR

Heiða Kristín Helgadóttir, formaður starfshóps um nýja stefnu í málefnum utangarðsfólks, sagði nýlega í viðtali við Fréttablaðið að hún vildi sjá ríkið og önnur sveitarfélög viðurkenna sinn hlut í vanda utangarðsfólks og þá sérstaklega hvað varðar heilbrigðisþjónustu enda ráði borgin ekki ein fram úr vandanum.

Kristján Þór segir það lögbundið verkefni borgarinnar að sinna þessum málaflokki. „Það er val kjörinna fulltrúa að forgangsræða fjármunum í verkefni sem þeim er áskilið að sinna. Það er vitað að sveitarfélög leggja fjármuni í önnur verkefni, sem ekki eru lögbundin, og það er þá val fulltrúanna. Í tilviki Reykjavíkur borgar er hægt að nefna Hofsvallagötuna og þá ákvörðun að setja fjármuni í breytingar á henni í stað annarra verkefna.“

Kristján segir hlutverk ríkis og borgar skýr. Það sé á ábyrgð ríkisins að reka stofnanþjónustuna

fyrir fólk í landinu og ljóst sé að almennt þurfi að gera betur í geðheilbrigðismálum á landsvísu.

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, segir Heiðu koma með áhugaverðar ábendingar í viðtalinu.

„Ég er sammála því að það geti ekki verið vandi einstaks sveitarfélags að taka á málefnum utangarðsfólks. Ég skil vel að Reykjavíkurborg kalli eftir auknu samstarfi, verandi það sveitarfélag sem hefur fyrst og fremst sinnt þessum málaflokki. Það ættu fleiri sveitarfélög á landinu að axla ábyrgðina og efla samstarf við ríkið.“

Eygló segist leggja áherslu á að huga að húsnæðisráðgjöf fyrir heimilislausu. „Það má ekki skilja þennan hóp endurtekið útundan og ég tel ástæðu fyrir okkur að fara vel yfir þær ábendingar sem koma frá starfshópnum sem vann skýrsluna.“



HEIMILISLAUS Félags- og húsnæðisráðherra segir að lögd verði áhersla á húsnæðisráðgjöf fyrir utangarðsfólk enda hafi þeim hópi ekki verið sinnt nægilega vel.

Segir borgina þurfa að taka ábyrgð á málaflokknum

Þorleifur Gunnlaugsson, varaborgarfulltrúi Vinstri grænna, sat í starfshópi um nýja stefnu í málefnum utangarðsfólks og kom með sértillögur að loknu starfi hópsins.



ÁS LAUG FRÍDRÍKSDÓTTIR



ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON

„Það vantar haldbærari úrræði í stefnunna enda er ekkert að finna í skýrslunni sem kostar peninga. Þetta eru meira vangaveltur og í raun er þetta stefna um stefnu,“ segir Þorleifur.


Þorleifur segir markmiðið greinilega hafa verið að búa til stefnu sem kostar engan pening og svo sé bent í aðra átt. „Það eru engar haldbærar tillögur en bent á ríkið og önnur sveitarfélög til að koma með úrræði. Nær

allur hópurinn er skrásettur í Reykjavík og á einn veg eða annan verður borgin að taka ábyrgð á þessum málaflokki.“

Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, var einnig í starfshópnum og tekur undir að haldbærar tillögur skorti en að vinna við aðgerða-áætlun sé eftir. Þá vinnu vill hún sjá í samstarfi við ríkið.

„Mikið af þeirri þjónustu sem við þurfum að veita þessum hópi er heilbrigðisþjónusta. Þess vegna þarf að efla samstarf við ríkið og þannig verður vonandi hægt að setja fram mælanlegri og skýrari markmið.“

Veðurspá



Það kólnar á landinu til morguns og verður frost um mest allt land til miðvikudags með eljum norðan til en björtu veðri syðra. Seint á miðvikudag hvessir og hlánar með suðvesturströndinni.

Alicante 20° Berlín 3° Friedrichshafen 4° Las Palmas 21° New York 3° París 8° Apena 10° Billund 2° Gautaborg 1° London 9° Orlando 24° San Francisco 15° Basel 6° Frankfurt 5° Kaupmannahöfn 1° Mallorca 15° Ósló -2° Stokkhólmur -2°

Miðvikudagur Fremur hægur vindur en hvessir SV-lands síðdegis.

Heimilis GRJÓNAGRAUTUR

Alveg mátulegur



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

REKSTRARLEIGA TOYOTA

Ný þjónusta fyrir fyrirtæki



Nú býður Toyota fyrirtækjum nýja bíla á rekstrarleigu. Leigutíminn er 1 – 3 ár og á meðan hefur fyrirtækið bílinn til umráða gegn föstu mánaðargjaldi.

Innifalið í mánaðargjaldi:

- Afnot af bílnum
- Smurþjónusta
- Þjónustuskoðanir
- 20.000 km akstur á ári.

Gegn viðbótargjaldi má bæta við tryggingum, bifreiðagjöldum, vetrardekkjum og dekkjaskiptum.

Kynntu þér rekstrarleigu Toyota hjá viðurkenndum söluaðilum.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

VEISTU SVARID?



1. Hve stórt hlutfall Íslendinga reykir daglega samkvæmt könnun Capacent?
2. Í hvaða landi er stefnt að útgáfu spurningaleiksins Quiz-Up?
3. Hvað á Gunnar Helgason margar bækur á topp-15 lista Eymundsson?

SVÖR:
1. Um 11,4 prósent, 2. Í Kína, 3. Þrjátíu.

Samtök atvinnulífsins, Bændasamtökin og Neytendasamtökin skera upp herör í merkingu matvæla: Sáttmáli um upprunamerkingar matvæla

NEYTENDUR Samtök atvinnulífsins, Bændasamtök Íslands og Neytendasamtökin undirrituðu fyrir helgi sáttmála um upprunamerkingar matvæla.

Með undirrituninni var formlega hleypt af stokkunum sameiginlegu átaki um bætta upprunamerkingar og mun átakið standa yfir út árið 2014. Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, segir sáttmálann afar mikilvægt skref í neytendavernd hér á landi.

„Það kom í ljós eftir fjölmiðla-

umfjöllun upp á síðkastið að merkingum á matvælum var ábótavant og því var ákveðið að grípa til aðgerða,“ segir Sindri. Hann segir samstöðu hafa verið milli samningsaðila um undirritun sáttmálans og því hafi verið einboðið að draga þá saman.

Samkvæmt nýgildandi reglum er ekki skylt að upprunamerki kjöt á markaði hérlandis en það verður skylt frá desember 2014 í samræmi við reglugerð ESB sem þá tekur gildi.

„Þetta er viljayfirlýsing þessara aðila. Hún þýðir það að við ætlum ekkert að bíða eftir reglugerðum eða lögum heldur ætla allir að taka til í sínum ranni. Verkefnastjórn samstarfsaðilanna mun vinna með matvælaframleiðendum og innflytjendum að því að merkja upprunaland matvörunnar með skýrum hætti auk þess sem unnið verður að því að virkja neytendur og vinna að vitundarvakningu á meðal þeirra,“ segir Sindri.

-eh



UNDIRRITUN Formenn SA, Bændasamtakanna og Neytendasamtakanna, rituðu undir samninginn á föstudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

PROMENNT

Árið 2011 vann ég 100 þúsund kr. gjafabréf í leik hjá ykkur og ákvað alveg blint að fara á C# námskeiðið, aldrei verið annað en lágmarksnotandi á tölvu. Núna 2 árum síðar er ég búin að ná mér í einingar til þess að komast inn í tölvunarfræðina í HR og er að klára fyrstu önnina. Mig langaði bara að þakka fyrir mig, þið trúðið því ekki hvað það er mikið búið að breytast bara vegna námskeiðsins hjá ykkur. Takk Promennt! Þið eruð snillingar.“

Sonja Steinarsdóttir, vinningshafi í pósthlistaleik Promennt 2011, nemi í HR

BÆTTU VIÐ ÞIG ÞEKKINGU SKRÁÐU ÞIG NÚNA!

► TÖLVUVIÐGERÐIR COMPTIA A+ FYRIR BYRJENDUR

Einkar eftirsótt og gagnlegt námskeið sem lýkur með alþjóðlegri prófgráðu. Hentar þeim sem vilja fá betri skilning á virkni tölvunnar, bæði hvað varðar vélbúnaðinn (A+ Core Hardware) og ýmis stýrikerfi (A+ OS Technologies). A+ þekking er mjög góð undirstaða fyrir þá sem sinna viðhaldi og kerfisstjórn tölvubúnaðar hjá fyrirtækjum og stofnunum.

Kvöldhópur hefst **4. febrúar** – uppselt
Síðdegishópur hefst **3. febrúar** – nokkur sæti laus
Lengd: **50 std.** • Verð: **119.000 kr.**

► GRUNNNÁM Í FORRITUN: C# OG VS 2010/.NET 4.0 UMHVERFI

Á þessu námskeiði er kenndur grunnur í C# forritun og notkun þess í Visual Studio .NET 2010 (.NET 4.0) umhverfinu. Námskeiðið er ætlað byrjendum og þeim sem hafa reynt úr öðrum umhverfum en vilja fá kennslu í grunnatriðum Microsoft forritunarumhverfisins.

Kvöldhópur hefst **5. febrúar** • Lengd: **50 std.** • Verð: **149.000 kr.**

► .NET 4.0 FORRITUNARNÁM

Þetta nám er fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem alvöru forritarar. Við bjóðum nú upp á þessa námsbraut í .Net 4.0 umhverfinu þar sem kennt er á nýjstu útgáfu af C# forritunarmálinu í Visual Studio 2010 Framework sem er það nýjasta frá Microsoft.

Kvöldhópur hefst **12. mars** • Lengd: **130 std.** • Verð: **349.000 kr.**

EQM VOTTUN

Gæðavottun fræðsluaðila

MICROSOFT VOTTUN

Promennt er eini Microsoft-vottaði skólinn á Íslandi

FJARKENNSLA Í BEINNI

Hjá Promennt er einnig boðið upp á fjarkennslu í beinni

DAG- OG KVÖLDNÁM

Hjá Promennt er boðið upp á dag- og kvöldnám

Skráning fer fram á www.promennt.is og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is

Stofnanir neyðast til lögbrots í fjárskorti

Mörg dæmi eru um að ekki sé kallaður til túlkur þrátt fyrir lög um túlkajónustu. Framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands segir ástandið fara versnandi á Íslandi og vegna sparnaðar séu opinberar stofnanir neyddar til að brjóta lög.

SAMFÉLAGSMÁL Algengt er að börn eða kunningjar túlki fyrir ættingja og vini í viðkvæmum málum þrátt fyrir að lög veiti rétt á túlkajónustu.

Íslensk lög kveða á um að þeir sem tala ekki íslensku eigi rétt á túlki í heilbrigðiskerfinu, við meðferð sakamála, í skólakerfinu, félagskerfinu, almannatryggingamálum og sjúkratryggingamálum.

Mikil umræða var um börn og túlkun fyrir þremur árum og skrifaði Sabine Leskopf grein um málið með yfirskriftinni „Mamma, ég held þú sért með krabbamein“. Fyrir utan viðkvæmar læknaheimsóknir tók hún dæmi um börn sem túlkuðu fyrir foreldra sína hjá Sýslumanninum í Reykjavík í skilnaðar- og forsjármálum en ekki eru lög um að sýslumaður þurfi að kalla til túlk.

Þrátt fyrir lagasetningu um túlkun og umræðuna sem hefur skapast hefur staðan ekkert breyst. Túlkur og ráðgjafar sem Fréttablaðið ræddi við voru allir sammála um að mörg dæmi væru um að börn túlkuðu fyrir fjölskyldu sína. Einnig að upplýsa ætti fagfólk um réttindi þeirra sem ekki tala íslensku og efla eftirlit.

„Við fáum fréttir af þessu á hverjum degi,“ segir Jolanta Polanska, sem hefur starfað sem túlkur í fimmán ár og rekur Túlkajónustuna. „Ég hef fundið fyrir því að ríki og sveitarfélög spare í þessum málum og hef orðið vitni að dæmum þar sem einstaklingar eiga rétt á túlki en er ekki boðin sú þjónusta eða henni hreinlega hafnað.“

Fá ekki löggvarða túlkajónustu



Þrátt fyrir að þjónusta túlka sé lögbundinn réttur á ýmsum sviðum, til dæmis í heilbrigðiskerfinu, eru mörg dæmi um misbrest á slíku. Vitað er um mörg skipti þar sem börn hafi þurft að túlka fyrir foreldra sína í viðkvæmum málum.

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, segist vilja sjá réttinn um túlkajónustu vera í stjórnvöldum eins og í Finnlandi og Svíþjóð.

„Það hefur frekar orðið afturför í túlkajónustu á Íslandi en hitt. Fólk á að bjóðast túlkur og á ekki að þurfa að ganga á eftir því. Þarna eru stjórnvöld að bregðast skyldu sinni og þetta getur leitt til þess að mannréttindi séu brotin. Þekktasta dæmið er konan sem gaf upp forsjá barna sinna því hún skildi ekki hvað fór fram hjá sýslumanni.“

Margrét hefur heyrt dæmi um að stofnanir séu búnar með fjármagnnið sem nýta á til túlkajónustu og því sé ekki kallaður til túlkur. „Það þarf að auka fjár-



Ég hef orðið vitni að dæmum þar sem einstaklingar eiga rétt á túlki, en er ekki

boðin sú þjónusta eða henni hreinlega hafnað.

Jolanta Polanska túlkur

magnnið og eyrnamerkja túlkajónustu. Annars er verið að neyða opinberar stofnanir til að brjóta lög. Þar að auki þarf að upplýsa fagfólk um skyldu þess að bjóða túlk þegar lög segja svo fyrir um.“

erlabjorg@frettabladid.is

Formaður Dýraverndarsambands Íslands segir aðstæður sömu og erlendis:

Óásættanlegur aðbúnaður dýra

DÝRAVERND „Dýrin búa í litlum búrum allt sitt líf og sjá aldrei sól-arljósið né fá hreint loft,“ segir Sif Traustadóttir, fyrrverandi eftirlitsdýralæknir og formaður Dýraverndarsambands Íslands um aðbúnað svína og fugla á Íslandi.

Sif segir aðstæður hér á landi sambærilegar og erlendis, kjúklingar búi í stórum lokuðum skemmum og svín í litlum stíum.

„Því miður eru kjúklingar á Íslandi eingöngu aldir við verksmíðubúskap. Þeir fá nær engin tækifæri til eðlislægrar hegðunar enda lifa hænur í búregjarækt allt sitt líf í búri sem er á stærð við A4 blað.“

Hún segir loftið yfirleitt mjög ammóníaksmengað því úrgangur frá fuglum sé ekki hreinsaður af gólfinu sem valdi skaða á augum og öndunarkerfi kjúklinga auk



SVÍNARÆKT Sif segir svínin ekki geta sýnt sína náttúrulegu hegðun og því líklegt þeim leiðist og verði mjög óþreyjufull.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sársaukafullra brunasára á fótum. Þá sé svínarækt hér á landi einnig með óásættanlegum hætti. „Svínin hafi alla jafna ekki aðgang að útiveru, upplifa aldrei ferskt loft eða dagsbirtu og geta ekki sýnt sína náttúrulegu hegðun. Hal-

inn er klipptur af og tennur slíp- aðar.“

Sif segir miður að Íslendingar hafi ekki val um hvort þeir kaupri vistvænt kjöt eða ekki. Þó sé hægt að kaupa vistvæn egg sem sé skref í rétta átt.

-eh, ebg



Way of Life!

Öruggir í vetrarfærðinni

ALLGRIP



...hann liggur svo vel á vegi að bros færðist breiðar og breiðar yfir ökumann eftir því sem hann var reyndur meira...

...Einn af allra stærstu kostum þessa nýja SX4 er hve mikill staðalbúnaður fylgir...
Fréttablaðið 01.10.2013

S-CROSS: Nýstárleg hönnun S-CROSS býður upp á sérlega rúmgott farþega- og farangursrymi. Sparneytnar vélar, aksturseiginleikar í sérflokki auk rikulegs staðalbúnaðar gera bilinn einstakan í sínum flokki.

VERÐ: fjórhjóladrifinn frá kr. 4.490 þús.
Meðaleyðsla í blönduðum akstri frá 4,6 L/100 km.



SUZUKI SWIFT 4x4

Stór og rúmgóður með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.

Swift 4x4 er til beinskiptur í GL og GLX gerðum.
Verð frá 3.090 þús. Meðaleyðsla 5.5L/100 km

SUZUKI 4WD

FULL
FRAME
4x4



Upplifðu einstaka aksturseiginleika Jimny.
Fæst beinskiptur og sjálfskiptur.

Öflugur og léttur þriggja dyra jeppi með hátt og lágt drif, sem hefur sannað sig við íslenskar aðstæður. Algjör „sparibaukur“.

Verð frá kr. 3.450 þús.
Meðaleyðsla frá 7,1/100km, beinskiptur.

FULL
FRAME
4x4



SUZUKI GRAND VITARA – Tákmynd áreiðanleikans.
Með öflugri og sparneytinni 2.4L 169 hö/vél.

Alvöru jeppi með hátt og lágt drif. Skynsamleg kaup, hagkvæmur rekstur. Verð frá 5.590 þús., beinskiptur. Meðaleyðsla 8.8L/100 km

SX4 CLASSIC: Sparneytin vél, fullkomið fjórhjóladrif, vandaður búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.

Með 1,6L vél. Verð kr. 3.780 þús.
Meðaleyðsla 6,5L/100 km.



Kizashi er fjórhjóladrifinn sjálfskiptur fólksbílur í millistærðarflokki.
Vandaður og með frábæra aksturseiginleika.
Bíll sem keppir við þá bestu!

2,4L vél. Verð 5.880 þús. Meðaleyðsla 8,3L/100km



Hjá okkur geturðu upplifað hátt og lágt drif

Komdu og reynsluaktu Suzuki - upplifunin verður ánægjuleg.

SUZUKI - FYRIR SKYNSAMT FÓLK



TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

FÉLAGSFUNDIR VM

Dagskrá:
Staðan í kjaramálum

REYKJAVÍK

Miðvikudaginn

29. janúar kl. 20:00

að Stórhöfða 25, 3. hæð

Fundurinn verður sendur út gegnum fjarfundarbúnað. Þeir sem vilja fylgjast með fundinum sendi beiðni þar um ásamt símanúmeri á gudnig@vm.is. Hægt verður að senda inn fyrirspurnir á gudnig@vm.is á meðan fundi stendur.



AKUREYRI

Fimmtudaginn

30. janúar kl. 20:00

að Skipagötu 14, 5. hæð

Nánari upplýsingar á heimasíðu VM, www.vm.is.

VM-FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA
STÓRHÖFÐA 25 · 110 REYKJAVÍK · 575 9800 · WWW.VM.IS



- okkur er annt um þinn hag

HEIMURINN



Ólétt kona tekin úr öndunarvél

1 BANDARÍKIN Öndunarvél óléttar, heiladauðrar konu í borginni Fort Worth í Texas, var tekin úr sambandi í gærkvöldi. Dómari hafði úrskurðað að vélin skyldi tekin úr sambandi. Yfirmenn sjúkrahússins þar sem hún dvaldi ákváðu hlíta úrskurðinum þrátt fyrir að hafa í fyrstu talið sig skylduga til að vernda fóstrið. Ljóst var að barnið myndi ekki lifa af ef öndunarvélin yrði tekin úr sambandi.

Konan missti meðvitund 26. nóvember þegar hún var komin fjórtán vikur á leið. Bæði eiginmaður hennar og yfirmenn sjúkrahússins voru sammála því að hún væri heiladauð, sem þýddi að hún var látin samkvæmt lögum í Texas. Ljóst var að fóstrið hafði þegar orðið fyrir skaða.

Umsátursástand við taílenska kjörstaði

2 TAÍLAND Hálfgerð umsátursástand ríkti við kjörstaði í Bangkok, höfuðborg Taílands, í gær þegar mótmælendur komu í veg fyrir að fólk gæti greitt utankjörfundaratkvæði í þingkosningum landsins. Kosningarnar sjálfar hefjast 2. febrúar. Tugir kjörstaða voru lokaðir af með keðjum og var fólkinu sem ætlaði að kjósa hótað öllu illu. Fyrir vikið gátu hundruð þúsunda fólks ekki greitt atkvæði sín í gær.

Einn af leiðtogum mótmælendanna var skotinn til bana skammt frá einum kjörstaðnum og ellefu særðust. Yingluck Shinawatra forsætisráðherra þykir völt í sessi en hún hafði efnt til kosninganna til að binda enda á mótmæli sem hafa verið á götum úti undanfarna mánuði.

Þúsundir mótmæltu Hollande

3 FRAKKLAND Um sautján þúsund manns gengu um miðborg Parísar og höfðu uppi mótmæli gegn forsetanum François Hollande. „Frakkar eru reiðir!“ stóð á mótmælaspjöldunum sem fólk á vegum um fimmtíu stofnana hélt á. Reiðin beindist að auknum efnahagsvandamálum Frakklands, miklu atvinnuleysi, háum sköttum, húsnæðisvanda og skorti á einstaklingsfrelsi. Í mótmælunum var ekkert minnst á framhjáhald Hollande sem varð til þess að á laugardag tilkynnti hann að hann væri hættur með kærustu sinni til sjö ára, Valerie Trierweiler.



MAZDA6
KYNNTU ÞÉR **SKYACTIV** SPARTÆKNI MAZDA
KOMDU Í REYNSLUAKSTUR

BEINSKIPTUR FRÁ 4.490.000 KR.
SJÁLFSKIPTUR FRÁ 4.790.000 KR.

Mazda6 sameinar glæsilega hönnun, framúrskarandi akstursánægju og ótrúlega sparneytni. SKYACTIV spartækni Mazda skapar fádæma sparneytni fyrir stóran fjölskyldubíl. Þar sameinast ný vélar- og sjálfskiptitækni ásamt léttum en ofursterkum málum sem léttu bílinn. Eldsneytisnotkun SKYACTIV bensínvélarinnar með sjálfskiptingu er einungis 6,0 lítrar í blönduðum akstri. Fæst einnig með dísilvél.

MAZDA. DEFY CONVENTION.

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.


Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.




Öruggur staður til að vera á

Úrval ljósa á betra verði



ÚTSALA

10-70% afsláttur



Opið:
Mánudag til föstudag kl. 10 - 18
Laugardag kl. 11 - 16
Sunnudag kl. 12 - 16
www.rafkaup.is

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

jura kaffivélar fyrir heimili og vinnustaði



20% AFSLÁTTUR

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



Á ÆFINGU hjá Fimleikafélaginu Björk í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA



3 ÁRA ÁBYRGÐ

NIPPARTS
moved by mechanics

Bilanaust
Gæði, reynsla og gott verð!

REYKJAVÍK, Bíldshöfða 9.
KÓPAVOGUR, Smiðjuvegi 4a, græn gata
HAFNARFJÖRÐUR, Dalshrauni 17
REYKJANESBÆIR, Krossmóa 4, SELFOSS, Hrímsyrri 7
AKUREYRI, Furuvöllum 15, EGISLSTAÐIR, Lyngás 13
www.bilanaust.is | Sími: 535 9000

Yfir tveggja ára bið eftir parkúrþjálfun

Rúmlega 140 bíða eftir að komast í götufimleika hjá Gerplu. Eftirspurnin alls staðar mikil. Ekki nóg að koma upp sem flestum fótþoltavöllum. Mörg börn sem vilja ekki vera í keppnisíþróttum missa af hreyfingu, segir Sindri Viborg þjálfari.

ÍÞRÓTTIR Tveggja og hálf árs bið er eftir því að komast í parkúr, það er götufimleika, hjá Íþróttafélaginu Gerplu. Á biðlistanum eru rúmlega 140, flestallt strákar.


„Þetta eru þeir sem nenna að vera á biðlista. Ég væri kominn með 500 manna hóp ef ég fengi pláss til þess hjá Gerplu,“ segir þjálfarinn, Sindri Viborg.

Hann segir eftirspurnina eftir að komast í parkúr hjá öðrum íþróttafélögum einnig mikla. „Það er allt troðið alls staðar.“

Það er mat Sindra að hætta sé á að gríðarlegur fjöldi barna og unglinga missi af hreyfingu vegna aðstöðuleysis. „Þótt þetta

sé í raun götufimleikar þurfum við sali til að iðka þessa íþrótt sem er keppislaus. Það þarf að auka aðgengi að öðrum íþróttum en boltaíþróttum. Stór hópur krakka hefur ekki áhuga á keppnisíþróttum. Þeim finnst óþægilegt að traðka á öðrum til að komast áfram og þeir vilja heldur ekki bera þá ábyrgð sem fylgir því að klúðra sendingu. Þeir upplifa þá eins og liðið hati þá. Ef þessir krakkar komast ekki í íþróttir sem ekki er keppt í kjósa þeir að gera ekki neitt.“

Sindri segir að taka þurfi strax



SINDRI VIBORG

á þessu. „Vægi íþrótt þarf að vera jafnt. Það má ekki hugsa þannig að nauðsynlegt sé að koma upp sem flestum fótþoltavöllum. Þá missa mörg börn af hreyfingu.“

Núna æfa um áttatíu parkúr hjá Gerplu og eru langflestir iðkendanna strákar, sá yngsti sjö ára. „Kjarninn er á aldrinum átta til 15 ára en nemendur eru alveg upp í 36 ára gamlir,“ segir Sindri sem þjálfar einnig parkúr á Selfossi og Akranesi þar sem áhuginn á íþróttinni er gríðarlega mikill eins og á höfuðborgarsvæðinu. ibs@frettabladid.is

Komdu Gerðu betri bílakaup!

NOTAÐIR BÍLAR MIKIÐ ÚRVAL

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband strax!

Verð: 3.590.000 kr.
Mazda5 Advance EUZ56
Skráður mars 2013, 1,6Dí dísil, beinsk. Ekinn 25.000 km. **í ábyrgð**

Tilboð: 990.000 kr.
Saab 9-3 Linear-t LJ547
Skráður janúar 2006, 2,0l bensín, sjálfsk. Ekinn 103.000 km. Ásett verð: 1.490.000 kr.

Tilboð: 1.390.000 kr.
Peugeot 407 Comfort HZN09
Skráður okt. 2007, 1,6TDCI dísil, beinsk. Ekinn 91.000 km. Ásett verð: 1.690.000 kr.

Tilboð: 2.990.000 kr.
Ford Escape XLT AWD PMM87
Skráður júní 2011, 2,5l bensín, sjálfsk. Ekinn 77.000 km. Ásett verð: 3.480.000 kr.

Tilboð: 1.940.000 kr.
Ford Fiesta Trend DDE26
Skráður júní 2013, 1,0l bensín, beinsk. Ekinn 30.000 km. Ásett verð: 2.090.000 kr. **í ábyrgð**

FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS

TÖKUM ALLAR GERDIR BÍLA UPPÍ!

NOTADUR UPP Í NOTADAN!
Við tökum notaða bílinn þinn uppi á hagstæðu verði og þú getur fengið milligjöfina lánaða - möguleiki á engri útborgun.

BÍLALÁN
ALLT AÐ 100% EJARMÖGNUN

Fylgstu með á **FACEBOOK**
Notaðir bílar - Brimborg
Tilboðsbílar fara beint á Facebook!

Skoðuðu úrvalið á NOTADIR.BRIMBORG.IS

Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



7.990
53% AFSLÁTTUR

Zanussi ryksuga
Áður 16.990

3.495
50% AFSLÁTTUR

Tristar mínútu grill
Áður 6.990

1.495
50% AFSLÁTTUR

Gler baðvog digital
Áður 2.990

Töfrasproti
Áður 2.990

1.495
50% AFSLÁTTUR

50% AFSLÁTTUR

40% AFSLÁTTUR

3.590
40% AFSLÁTTUR

Vandað þráðlausar
hár- og skeggklippur
Áður 5.990

2.990
40% AFSLÁTTUR

Tefal
Tefal 1800W
gufustraujárn
Áður 4.990

2.390
40% AFSLÁTTUR

Domo ferða-
töskuvog
Áður 3.990

2.390
40% AFSLÁTTUR

Eldhúsvog
digital gler
Áður 3.990

Vöflujárn stál 1200W
Áður 4.990

3.990
34% AFSLÁTTUR

6.990
30% AFSLÁTTUR

Blandari 500W
með glerkönnu
Áður 9.990

5.990
34% AFSLÁTTUR

Matvinnsluvél
m/ fylgihlutum
Áður 8.990

30% AFSLÁTTUR

60% AFSLÁTTUR

Mjólkurþeytari
fyrir rafhlöðu
Áður 1.990

795
60% AFSLÁTTUR

1.795
60% AFSLÁTTUR

Pottur. Hentar
á allar hellur
Áður 4.490

2.795
60% AFSLÁTTUR

Blíðþrýstingmælir
Áður 6.990

175
CM HÁR

A+
ORKA

99.900
KYNNINGARVERÐ KR.
SPARAÐU 30.000

Electrolux
EN-13400AW Kæli- og frystiskápur

175 cm hár kæli- og frystiskápur í A+ orkuflökki

- ✓ 223 lítra kæli- og 92 lítra frystir með 3 skúffum
- ✓ Vönduð innrétting með glerhillum og flöskurekka
- ✓ Hljóðlátur, aðeins 40 dB(A)
- ✓ HxBxD: 175 x 59,5 x 63,2 cm.
- ✓ Fullt verð kr. 129.900.

Electrolux
EWP-1274TDW Þvottavél

Frábær ný þvottavél frá Electrolux. Vél er hlaðin þægindum og nýrri tækni. Byður upp á sveigjanlegan þvottatíma.

- ✓ Hraðval 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum með TimeManager.
- ✓ 1200 sn. stillanlegur vinduhráði.
- ✓ Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullarkerfi og handþvottakerfi og ofnæmisskolun.
- ✓ Seinkun á gangsetningu 0-23 klst.
- ✓ Timaskjár.
- ✓ Mishleðsluskynjun.
- ✓ Einföld í allri notkun.
- ✓ A+/A/B einkunn f.orkunýtni þvott og vindu
- ✓ Fullt verð kr. 109.900.-

A++
EINKUNN

1200
SNÚNINGA

XL
7 KG

79.900
ÚTSALA KR.
SPARAÐU 30.000

SPARAÐU NÚNA!

ÚTSALA
LOKASPRETTUR!

Electrolux
ESB-4400 Powermix Silent blandari

Hljóðlátasti blandarinn sem um getur með sérhönnuðum hljóðdempuðum mótör og öflugri hljóðeinangrun. Þríhyrningslöguð kannan gerir að verkum að allt kastast betur til og sogast hnifnum svo að blöndunin er hraðari og öflugri. Malar ís og frosna ávexti léttilega.

- ✓ 600W hljóðdeyfður mótör
- ✓ 1,5 lítra glerkanna
- ✓ 6 hraðastillingar
- ✓ Malar ís léttilega
- ✓ Auðveldur í þrifum
- ✓ Áður kr. 19.990

14.990
ÚTSALA KR.
25% AFSLÁTTUR

Powermix SILENT

The quietest blender ever by Electrolux

MALAR ÍS

HLJÓÐLÁTUR

MEST SELDI!

2200W
MÓTOR

9,5M
VINNU-
RÁDIUS

PARKETHAUS

AEG
ACE-4122BP Vampyr ryksuga

Kraftmikil og vönduð 2200W AEG ryksuga með stillanlegum sogkrafti og stillanlegu stálkafti.

- ✓ Fyrir utan venjulegan ryksuguhaus fylgir parkethaus með mjúkum hárum og gúmmihjólum.
- ✓ Örtrefjapakar sem taka meira og rifna síður.
- ✓ Fullt verð 21.990.

15.990
KYNNINGARVERÐ KR.
27% AFSLÁTTUR

Electrolux
EOB-3311AOX Veggháfur stál

Vel búinn ofn með kjöthitamæli, klukku og ekta heitum blæstri. XXL ofn, heilir 74 lítrar að innan.

- ✓ Innfellanlegir stjórnrofar og rafeindaklukka.
- ✓ Kjöthitamælir.
- ✓ Fingrafarfrítt burstað stál.
- ✓ Fullt verð kr. 139.900

99.900
KYNNINGARVERÐ KR.
SPARAÐU 40.000

XXL
74 L

EKTA HEITUR
BLÁSTUR

HITAMÆLIR
+ KLUKKA

POWER BOOST

SNERTI-TAKKAR

XXL HELLA

BARNALÆSING

99.900
ÚTSALA KR.
SPARAÐU 40.000

SPANSUÐA

Electrolux
EMM-21000W Örbylgjuofn

Flottur 800W örbylgjuofn með affrýstingu.

- ✓ 0-35 mín. klukka.
- ✓ 6 örbylgjustillingar.
- ✓ Snúningsdiskur 27 cm í þvermál.
- ✓ Útanmál HxBxD: 29 x 49 x 42 cm
- ✓ Fullt verð kr. 24.990

19.990
ÚTSALA KR.
SPARAÐU 5.000

Electrolux
EHH-6340FSK Spanhelluborð

Með fjórum Power Boost spanhellum þ.á.m. ein XXL hella. Stop&Go aðgerð og klukka.

- ✓ Orkusparnaður, meiri nákvæmni, léttari þrif og allt að 50% tímasparnaður með spansuðu.
- ✓ Snertitakkar fyrir hverja hellu og barnalæsing.
- ✓ Gatmál í borðplötu 56 x 49 cm.
- ✓ Fullt verð 139.900

Electrolux
EHH-6340FSK Spanhelluborð

Með fjórum Power Boost spanhellum þ.á.m. ein XXL hella. Stop&Go aðgerð og klukka.

- ✓ Orkusparnaður, meiri nákvæmni, léttari þrif og allt að 50% tímasparnaður með spansuðu.
- ✓ Snertitakkar fyrir hverja hellu og barnalæsing.
- ✓ Gatmál í borðplötu 56 x 49 cm.
- ✓ Fullt verð 139.900

Rafha ehf

Opið
virka daga 9-18
laugardaga 11-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500

www.rafha.is

Stríðið gegn fíkniefnum er löngu tapað:

Saga fórnarlamb

Aðalheiður Ámundadóttir, lögmaður og framkvæmdastjóri Pírata, hélt í síðustu viku erindi um stríðið gegn fíkniefnum í Háskólanum á Akureyri. Hún sagði í samtali við Vísi að hún hefði fjallað um meint mansal tengt fíkniefnaviðskiptum en við vitum flest að mörg burðardýr sem flytja hingað til lands fíkniefni eru ekki að þeirri iðju að fúsum og frjálsum vilja. Aðalheiður tók sem dæmi dóm sem kveðinn var upp í héraðsdómi nú fjórum dögum fyrir jól yfir ungri spænskri konu sem þá hafði nýlega náð 21 árs aldri.

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



Unga konan kvaðst hafa verið neydd til að smygla hingað til lands kókaíni og segir í dómnum orðrétt: „Ákærða skýrði svo frá hjá lögreglu og dómnum, sem ekki hefur verið hrakið, að tveir menn á Spáni, annar kunningi hennar, hafi krafist þess af henni að koma fíkniefnum fyrir í leggöngum hennar í þeim tilgangi að flytja þau milli landa. Ákærða hafi ekki getað komið fíkniefnunum fyrir og hafi mennirnir þá tekið hana með valdi, annar sest klovvega ofan á hana og hinn troðið tveimur pakkningum inn í leggöngin. Þeir hafi síðan haft í hótunum við hana, ekið henni heim þar sem hún bjó með móður sinni, sagt henni að pakka niður og beðið hennar á meðan fyrir utan heimili hennar. Þeir hafi síðan ekið henni á flugvöllinn og afhent henni flugmiða og fylgt henni eftir þar til hún var komin í gegnum öryggiseftirlitið. Ákærða gerði hins vegar engar tilraunir til að gefa sig fram við lögreglu eða tollverði á flugvöllum í Alicante né á Íslandi heldur ætlaði í gegnum græna hliðið við komuna hingað til lands. Einhver maður hafi átt að sækja hana á flugvöllinn hér á Íslandi en hún hafi síðan verið handtekin við komuna til landsins. Kvað hún mennina hafa hótað henni að gera móður hennar og systur mein, færi hún ekki eftir kröfum þeirra. Við líkamsleit tollvarða fannst ein pakkning af meintu kókaíni í nærbuxum hennar sem vigtaði 108 g. Ákærða gat ekki losað sig við hina pakkninguna og var hún flutt á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja en þar var tekin ákvörðun um að flytja hana á kvennadeild Landspítalans þar sem hún var svæfð og fíkniefnin sótt af lækni.“

Í dómsorði segir einnig að framburður ungu konunnar um að hún hafi verið neydd til ferðarinnar sé trúverðugur. Og hvað gerum við sem samfélag í því? Jú, við dæmum hana í fangelsi í tólf mánuði fyrir að hafa „leyft“ hrottum að beita sig þvingunum, ofbeldi og hótunum til að flytja hingað til lands 421,5 grömm af kókaíni sem við vitum öll að mikil eftirspurn er eftir hér á landi. Jú, og hún þarf auðvitað greiða allan sakarkostnað, sem er í þessu tilviki samtals 565.744 krónur auk aksturskostnaðar upp á 55.680 krónur.

Þurfum við virkilega að ræða það eitthvað frekar að stríðið gegn fíkniefnum er tapað og að halda því áfram kemur sárast niður á þeim sem síst skyldi. Í stríðinu gegn fíkniefnum er öllu snúið á hvolf og erfitt að sjá fyrir hvern þetta stríð er. Saga fórnarlambins sem rakin hér að ofan er saga margra og við dæmum þessi fórnarlömb í fangelsi í stað þess að aðstoða þau. Skömmin er okkar en ekki ungu konunnar sem við dæmdum í fangelsi fjórum dögum fyrir jól.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Að hugsa upphátt...

„Frosti er kannski óhefðbundinn stjórnmalamaður að því leyti að hann leyfir sér að hugsa upphátt í viðtölum og er mjög hreinskilinn í því sem hann segir, iðulega.“ Þetta sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra í viðtali á RÚV á laugardag, aðspurður um sitt álit á því að Frosti Sigurjónsson, samfloksmaður hans og formaður efnahags- og viðskiptanefndar, varð margsaga um tilurð 50 milljarða frískuldamarks í tengslum við bankaskattinn. Það er sjálfsgat ekkert að því að hugsa upphátt og það má Frosti eiga að þegar hann er staðinn að því að fara rangt með eða misskilja eitt-hvað þá gengst

hann jafnan við mistökunum í stað þess að þræta eins og sprúttali eins og mörgum stjórnmalamönnum er tamt.

Að játa fáfræði...

Hins vegar mætti einnig athuga, ef maður er málsmetandi fólk í viðtali við fjölmiðil, hvort ekki væri jafnmikil eða meiri sæmd í því, ef mann rekur í vörðurnar, eða er ekki með allt á tæru, að gangast við því. Viðkomandi fengi jafnvel færi á að fletta málinu upp og gæti þá gefið skýrt og vonandi rétt svar í stað þess að vera gerður afturreka með fullyrðingar eða fabúleringar.

Virðingin bundin við bindin?

Þessar sviptingar hafa síst orðið



til þess að auka tiltrú almennings á löggjafanum. Þess vegna er áhugavert að skoða orð Einars K. Guðfinnssonar, forseta Alþingis, í viðtali í Fréttablaðinu um helgina. Einar hefur sannarlega sýnt vilja til að bæta mynd og traust á Alþingi, en þegar hann nefnir afnám reglunnar um að þingmenn séu með hálsbindi í ræðustól sem skref í ranga átt. „...Að við þurfum ekki að skrifa það niður að karlar eigi að vera með bindi og konur snyrtilega klæddar. Það á að vera hluti af viðurkenndum viðmiðum,“ segir Einar. Þingkonur verða því vonandi að vera með hin viðurkenndu viðmið snyrtileika í huga þegar þær klæða sig upp fyrir vinnudaginn.

thorgils@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

ÍSLENSKUR

GÓÐOSTUR

- GÓÐUR Á BRAUÐ -

PISA og lesturinn

MENNTUN



Sölvi Sveinsson skólastjóri Landakotsskóla

Það er kannski að bera í bakkafullan læk að leggja orð í belg um PISA-könnunina þar sem læsi allt of margra íslenskra unglunga mældist óviðunandi; reyndar óttast ég að næsta könnun verði enn verri en upp úr því gæti landið farið að rísa. Menn leita skýringa og vísast eru þær margar. Nefnt hefur verið að gamlar og góðar kennsluáðferðir hafi verið lagðar fyrir röða, nemendur séu of margir í bekk, skóli án aðgreiningar hamli eðlilegri kennslu, kennaraefni fái ekki þjálfun í lestrarkennslu, kennarar þurfi að sinna of mörgum öðrum verkefnum en kennslu o.s.frv. Þá er tölvunotkun barna og fjölmiðlum kennt um að börn noti minni tíma til lestrar en áður var. Þarna liggur hundurinn grafinn segja margir þegar þetta er allt lagt í púkkið. Ég vil bæta einum þætti enn í þetta sumbl og byrja á því að vitna í Bjarna Fel.

Í sjónvarpsþætti var hann spurður hvernig stæði á því að Íslendingum hefði farið svona mikið fram í fótbolta. Hann svaraði því til að nú væri búíð að byggja svo mörg íþróttahús að nú gætu fótbolta-menn æft allt árið. Það skilaði árangri. Nú er það svo að íslensk börn eru 180 daga á ári í skóla en þau eru 365 daga með foreldrum sínum. Í mínum huga er það morgunljóst að þau börn sem einung-

is lesa skóladagana verða aldrei fluglæs, þau öðlast aldrei þokkalegan lesskilning og orðaforði þeirra verður einhæfur, hin næmu blæbrigði málsins verða þeim aldrei huggróin. Það gegnir nefnilega sama máli með fótbolta og lestur: menn ná árangri ef þeir æfa allt árið.

Ég skal nefna dæmi. Ég þekki sex ára stúlku sem er af erlendu bergi brotin. Hún les samvissusamlega með foreldrum sínum 15-20 mínútur á dag – sýna jafnt sem heilaga daga, sumar og vetur. Þessi litla stúlka er nú læs, bæði á íslensku og móðurmál sitt og henni fer hratt fram í öllum mál- og lesskilningi. Ég heyrir æftar þá skoðun að skólinn eigi einn að annast kennslu barna. Ég hef jafnvel heyrt það álit að skólinn „eigi ekkert með að ráðstafa frítíma foreldra“. Þetta er fjarstæða. Næðisstundir foreldra og barna yfir bók eða spjaldi eru lykll til læsi. Ef þetta er til of mikils mælst þá stefnum við beint niður á PISA-botninn á afturfótum tíðarandans. En lesi börn heima allt árið þá er von að PISA-kannanir létti mönnum lund eftir svo sem tíu ár!

Í allmörgum löndum var fjármálalæsi unglunga kannað í PISA – en blessunarlega ekki hér því ég óttast að þar sé pottur brotinn. Satt best að segja sýna skólar því ótrúlegt tómlæti. Meira um það síðar.

Verkum hann! Skerum hann! Frystum hann!

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur



Étum hann! Steikjum hann! Grillum hann! Sjóðum hann! Drekkum hann! Veidum hann! Gerum svo eitthvað við hann!

Lögmál framspurnar og eftirboðs

Brynningar hvalveiðimanna til þjóðarinnar um nýtingu afurðanna verða með hverju misserinu ævintýralegru – og örvæntingarfyllri. Þar sem matvörur eru annars vegar – og raunar húsbýggingar líka – hafa íslenskir ráðamenn alla tíð haft magna vantrú á tilgátu hagfræðinnar um tengsl framboðs og eftirspurnar – en talið affarasælla að framleiðendur bjóði upp á framboð að bendu manna yfirsýn í trausti þess að þá fylgi eftirspurnin.

Þetta fyrirkomulag hefur líka gengið býsna vel hér á landi – það er að segja fyrir framleiðendur – en af einhverjum ástæðum hefur á heimsvísu orðið bið á árangrinum af hinum þrautreyndu þjóðlegu aðferðum við markaðssetningu á hvalaafurðum, jafnvel þótt heimurinn hafi verið rækilega minntur á að hér sé nú aldeilis hvalkjöt á boðstólum; hvalurinn hreinlega veiddur beint fyrir framan nefið á felmtruðu erlendu ferðafólki sem hingað er komið um langan veg til að skoða káta hvali skoppandi á öldum hafins í glöðum leik undir norðurljósum og svo bara birtist skyndilega sjálfur Eirab skipstjóri æði ófrýnilegur með morðglampa í augum og skutul í klónum, enn á eftir sínum eilífðar hvíta hval.

Það mun nú fullreynt að markaðir erlendis fyrir hvalaafurð-

ir eru ekki nógir til að forsvaranlegt sé að halda veiðunum áfram. Og skal þeim þó haldið áfram samt, hvað sem það kostar. Hvers vegna? Vegna þess að þannig gerum við hér á landi. Þá er að sannfæra þjóðina um að það sé þegnleg skylda sérhvers góðs Íslendinga að gera sér enn meiri mat úr þessum skepnunum en orðið er, enda vita landsmenn sem er að það verður að gera fleira en gott þykir þegar matur er annars vegar: maður verður að láta sér fleira gott þykja en gott þykir. Það er að segja: Þræla þessu í sig.

Hvítu hvalurinn í stofunni

Verkum hann! Skerum hann! Frystum hann! Fyrir alla muni: kveljum hann! og veidum hann! Til hvers? Hvers vegna að skjóta þá? Svárið lætur ekki á sér standa: Jú, það er út af þjóðarstoltinu. Íslenski þjóðmenningu. Hefðum okkar. Að vísu stunduðu Íslendingar ekki hvalveiðar fyrr en liðið var á tuttugustu öldina en það má sjálf-sagt bráðum fara að kalla hana liðnar aldir og gráa fornescju, svona með góðum vilja. Samt sem áður vaknar enn spurningin: Á maður að vera stoltur yfir því að veiða með ærnum tilkostnadi og ómældri fyrirhöfn alþjóðlega flökkustofna sem enginn vill kaupa afurðirnar af en allir hafa skömm á athæfinu?

Já já, það eigum við það vera, er svárið, það er okkar réttur að sýna heiminum mótþróa. Hvers vegna? Og svárið: Vegna þess að þannig gerum við hlutina hér.

Og þess vegna eigum við nú að þræla hvalnum í okkur í þessum nýja bjór sem farið er að framleiða með sérstökum manneldismarkmiðum og undanþágum Framsóknarráðherra sem kennir sig við auðlindir, og tók fram í fyrir hendurnar á heilbrigðisfulltrúa þegar ekki átti að leyfa framleiðsluna. Mörgum þykir fara vel á því á þorrablótunum að skola grámetinu niður

með virkilega bragðvondum bjór – og þar með góðum, því eins og kunnugt er verður maturinn að margra mati því fýsilegri sem hann bragðast verr. Það á nefnilega að vera hetjudáð að gera sér glaðan dag á Íslandi.

Þannig gerum við hlutina hér. Þessi hvalameinloka – að halda gangandi rándýrum veiðum í engu skyni öðru en að svala mótþrórarskunarféyn – er um margt dæmigert fyrir þær sérlausnir í stóru og smáum sem okkur Þorraþrælum er gert að búa við hér í landi hinnar eilífu undanþágu frá því sem blasir við öðrum að gera. Fólki verður tíðrætt um bleikan fil í stofu þegar reynt er að finna lausnir á vanda launafólks og þeirra sem reyna að standa í raunverulegum fyrirtækjarekstri hér, og er þar átt við krónuna og það gjald sem almenningur þarf að greiða fyrir notkun hennar, hvort sem það

birtist í smánarlega lágum launum, okurvöxtum eða frámunalegu verðlagi. Krónunni er haldið gegnum þykkt og þunnt og okkur sagt að hún hreyfi við helgustu tilfinningum sérhvers Íslendinga þó að við vitum svo sem að hún þjónar fyrst og fremst útgerðarmönnum og öðrum útflytjendum og er auk þess að sögn helstu talsmanna hennar dýrmætt hags-tjónartæki fyrir ráðamenn því hún gerir þeim kleift að skerða kjör almennings og lækka laun út í það óendanlega og halda fólki á eilífri heljarþröm þar sem sérhver mánaðamót eru æsispennandi eltingaleikur við enda sem aldrei ná saman en fjarlægjast hver annan í sífellu. Krónan er er hvítu hvalurinn í stofunni. Hvalreki sumum en kvalræði flestum.

Af hverju er þá ekki hægt að skipta um gjaldmiðil? Svárið: Það jafngildir uppgjöf. Krónan er helgasti frumburðarréttur

“ Þessi hvalameinloka – að halda gangandi rándýrum veiðum í engu skyni öðru en að svala mótþrórarskunarféyn – er um margt dæmigert fyrir þær sérlausnir í stóru og smáum sem okkur Þorraþrælum er gert að búa við hér í landi hinnar eilífu undanþágu frá því sem blasir við öðrum að gera.

sérhvers Íslendinga. Við verðum bara að halda þetta út fram að næstu bólu. Þannig gerum við hlutina hér. Veidum hann! Skerum hann! Verum hann!

Einskis virði?

Í fimm ár lagði ég stund á háskólanám. Vegna efnahags- og félagslegrar stöðu minnar tók ég jafnframt námslán í fimm ár og varð því af öðrum tekjum á meðan. Prófunum náði ég einu af öðru og gráðurnar urðu alls tvær, þar af ein meistarágráða í talmeinafræði.

KJARAMÁL



Linda Björk Markúsardóttir starfandi talmeinafræðingur á Landspítala

→ Starfið getur falið svo ótalmargt annað í sér en óskýran framburð og talmeinafræðingar starfa víða.

Margir hváðu þegar meistaranámið bar á góma. Ósjaldan heyrði maður hluti á borð við: „Já, ætla þú að hjálpa þeim sem geta ekki sagt /r/? eða „Er það ekki svona eins og táknafræði?“ Talmeinafræðingar geta vissulega aðstoðað þá sem eiga í erfiðleikum með að bera fram málljóð en eiga lítið skylt við táknafræðinga.

Starfið getur falið svo ótalmargt annað í sér en óskýran framburð og talmeinafræðingar starfa víða. Má þar helst nefna sjálfstætt á stofum, innan leik- og grunnskóla, á skóla- og fræðsluskrifstofum, á þjónustumiðstöðvum, á endurhæfingarstofnunum á borð við Reykjalund og Grensás auk þess sem þeir sinna ýmsum öðrum verkefnum innan Landspítala. Talmeinafræðingar hitta fólk á öllum aldri með kynstrin öll af frávikum, ein-kennum og rökunum. Þeir sérhæfa sig í kyngingartregðu, málþroskaröskun, þvoglumæli, stami, málstoli, raddveikum, framburðarfrávikum og svo mætti lengi telja.

Ábyrgðin mikil

Ábyrgðin á herðum stéttarinnar er mikil og það er óhemju mikil vinna sem felst í því að setja sig inn í vandamál hvers einstaklings fyrir sig, greina hann rétt og veita

honum í framhaldi víðeigandi meðferð. Þrátt fyrir það virðist það vera óvinnandi vegur fyrir stéttina að fá mannsæmandi laun fyrir sitt framlag. Flestir af vinnuveitendum talmeinafræðinga gera sér vissulega grein fyrir mikilvægi þeirra og þeirrar þjónustu sem þeir veita. Þeir sjá sér þó ekki fært að hækka við þá launin að neinu ráði og gefa fyrir því ýmsar ástæður. Meðal þeirra má nefna: „Það eru því miður ekki til neindir peningar.“ „Nei, ykkur er nú þegar svo hátt raðað í launatöflu“ eða „það eru erfiðir tímar núna en það breytist vonandi bráðum“.

Þegar tvö ár verða liðin frá því að ég lauk mínu námi kemur Lána-sjóður íslenskra námsmanna til með að senda mér fyrsta greiðsluseðilinn. Þegar hann berst ætla ég að reyna þessi sömu rök.

„Kæri LÍN. Ég sé mér því miður ekki fært að greiða þér umsamda upphæð að svo stöddu. Ég met mikils þá þjónustu sem þú hefur veitt mér en fjármagnið er hreinlega ekki til. Vonandi verður breyting á að ári. Ekki vera sár, svona er lífið. Vertu bara þakklátur fyrir það sem þú hefur, það er til fullt af öðrum stofnunum sem fá ekki það sem þeim ber réttilega.“

LÍN hlýtur að skilja það, annað væri jú bara ósanngjarnt.

Deloitte.



Alþjóðlegi Gagnaverndardagurinn



Morgunverðarfundur

Þriðjudaginn 28. janúar kl. 8.30-10.45 á Grand Hótel Reykjavík

Alþjóðlegi Gagnaverndardagurinn “Data Privacy Day” er haldinn 28. janúar ár hvert. Tilgangur dagsins er að auka og viðhalda vitund um mikilvægi gagnaverndar fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Af því tilefni heldur Deloitte, í samstarfi við Samtök verslunar og þjónustu, áhugaverðan morgunverðarfund um gagnaöryggi með eftirfarandi dagskrá:

Cyber Security threats in a complex and ever-changing corporate world

Rafael San Miguel, Deloitte Cyber SOC í Evrópu

Örugg samskipti við ytri aðila

Brynja Guðmundsdóttir, forstjóri Gagnavörslunnar/AZAZO

Varnir við netvá

Þorvaldur E. Sigurðsson og Úlfar A. Jónasson, Deloitte

Varnarleysi starfsfólks; af hverju er fyrirtæki þitt í hættu?

Ragnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri AwareGo

CERT-ÍS Netöryggissveitin á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar

Öryggisúttektir - breytingar hjá Persónuvernd

Hörður Helgi Helgason, forstjóri Persónuverndar

Fundarstjórn

Margrét Kristmannsdóttir, formaður SVP

Eftir framsögu verða pallborðsumræður þar sem tekið verður við spurningum úr sal.

Skráning á www.deloitte.is, netfanginu oryggi@deloitte.is og í síma 580-3000.

Gullteigur, Grand Hótel Reykjavík • léttur morgunverður frá kl. 8.00 • verð kr. 3.000.

Lánsveðshópurinn enn skilinn eftir

Tillögur um höfuðstóls-lækkun verðtryggðra lána sem kynntar voru í haust taka ekki með markvissum hætti á stöðu þeirra sem keyptu fasteignir með lánsveði. Þessum mjög skuldsetta hópi hefur verið gefinn lítill gaumur þar sem umfjöllun um lánsveð er mjög takmörkuð í skýrslu sérfræðingahóps sem liggur til grundvallar tillögnum.

FJÁRMÁL



Sverrir Bollason
verkfræðingur

um þingsins síðan í haust. Fjármálaráðherra hefur lýst því yfir að ekki verði staðið við það samkomulag. Lánsveðshópurinn er hins vegar líklega sá hópur sem mest er skuldsettur. Samkvæmt áður nefndu samkomulagi sem gert var við lífeyrissjóði landsins í apríl sl. er áætlaður kostnaður ríkisins við

ad rétta af hlut Lánsveðshópsins, í samræmi við 110% leiðina, um 3 milljarðar króna. Beinn kostnaður ríkisins vegna þeirra tillagna sem nú hafa verið kynntar er margfalt hærri eða um 80 milljarðar króna auk eftirgefins skatts vegna nýtingar séreignarlífeyrissparnaðar til endurgreiðslu húsnæðislána.

Einn hópur skilinn útundan

Fyrir hönd Lánsveðshópsins lýsi ég yfir vonbrigðum með að stór hluti hans er enn og aftur skilinn eftir í aðgerðum stjórnvalda gegn þeim skulda- og greiðsluvanda sem varð til vegna efnahagshrunsins árið 2008. Nú að rúmlega fimm árum liðnum hefur vandi Lánsveðshópsins ekki verið leystur með markvissum hætti. Ekki er unnið í samræmi við fyrirliggjandi samkomulag við lífeyrissjóðina. Miklum fjármunum er til kostad að færa niður lán almennings en einn hópur er sérstaklega skilinn eftir. Lánsveðshópurinn kallar eftir réttlæti, að stjórnvöld viðurkenni vandann og vinni að því að tryggja Lánsveðshópnum sömu úrræði og öðrum skuldurum sem nýtt gátu sér 110% leiðina.

Fær ekki 110% leiðina

Allt frá því að 110% leiðin var kynnt til sögunnar í ársbyrjun 2011 hefur lánsveðshópurinn barist fyrir að fá að sitja við sama borð og þeir sem nýtt gátu sér þá leið. Þær tillögur sem nú hafa verið kynntar nýtast lánsveðshópnum aðeins með handahófskenndum hætti. Hjón, sambúðarfólk og einstæðir foreldrar gátu fengið allt að 7 m.kr. niðurfelldar í 110% leiðinni. Nýkynntar tillögur gera ráð fyrir að hámarks niðurfelling fyrir hvert heimili sé fjórar milljónir króna. Heimili hjóna og sambúðarfólks verða því af þremur milljónum króna samantborið við 110% leiðina. Fáir fólk þó hámarksniðurfellingu samkvæmt tillögum stjórnvalda verða margir engu að síður yfirveðsettir.

Lítill ávinningur

Samkomulag sem gert var við lífeyrissjóði landsins í apríl 2013 um að greiða niður skuldir lánsveðshópsins niður að 110% veðsetningu hefur verið í meðför-

Viltu raunhæfar kjarabætur?

Fólk vill eðlilega aukinn kaupmátt eftir mörg mögurr ár og því kom ekki á óvart að fyrirliggjandi samningar voru almennt ekki samþykktir. Vandamálið er að meiri krónutöluhækkunar gagnast ekki launamönnum því þær auka verðbólgu sem tekur krónutöluhækkunar snarlega til baka og hækka auk þess skuldirnar. Hvað er þá til ráða ef eitthvað? Er hægt að bæta kaupmátt fólks með öðrum hætti?

FJÁRMÁL



Guðjón Sigurbjartsson
viðskiptafræðingur og smáatvinnurekandi

Sú leið er sem betur fer til. Þessi leið gagnast bæði launamönnum og atvinnulífnum almennt þó svo að meirihlutinn á Alþingi fylgi annarri stefnu, svo furðulegt sem það nú er.

Raunhæfasta leiðin til að bæta lífskjörin er að opna á tollfrjálsum innflutning matvæla. Markaðsvernd landbúnaðarins nemur um 12 milljörðum króna á ári og styrkir á fjárlögum öðru eins. Markaðsverndin er sú upphæð sem neytendur myndu greiða minna á ári fyrir sömu matvæli ef opið væri á tollfrjálsum innflutning. Þessi aðgerð myndi bæta stöðu meðalheimilis beint um 200.000 kr. á ári eða 4% af útgjöldum. Fyrir þau tekjuminni er hlutfallið herra, jafnvel allt að 10%.

Jákvæð óbein áhrif verða einnig veruleg. Verðtryggð lán hækka 4% minna en ella og frjáls samkeppni mun auk fjölbreytni matvæla og lækka verð. Samtals bætir þetta hag heimila verulega eða um 40 til 50 þús. kr. á mánuði.

Önnur leið til að bæta hag heimilanna, sem reyndar tekur

lengri tíma, er að taka upp traustan alþjóðlegan gjaldmiðil, evruna. Það mun einnig bæta hag heimilanna um tugi þúsunda á mánuði vegna lægri vaxtagreiðslna og þess að atvinnulífið mun eflast og dafna hraðar með traustum gjaldgengum gjaldmiðli.

Kröfur til stjórnvalda

Verkalýðshreyfingin ætti að knýja á um raunhæfar kjarabætur til framtíðar með því að beina þessum kröfum að stjórnvöldum:

1 Opnað verði á tollfrjálsum innflutning matvæla.

Allar þjóðir Evrópusambandsins hafa opið á viðskipti með matvæli. Þær styrkja sinn landbúnað líka þrisvar sinnum minna en við að meðaltali, sem hlutfall af heildar opinberum útgjöldum. Landbúnaðarstyrkir kosta skattgreiðendur í hærri sköttum sem þyrfti að lækka einnig. Okkar landbúnaður er bæði með belti og axlabönd og kostar heimilin allt of mikið, sérstaklega þau efnaminni. Eins og margar velmeindandi þjóðirnar settum við að opna matvælamarkað okkar, líka fyrir þróunarlöndunum og hjálpa völdum svæðum að þróa sinn landbúnað og útflutning afurða m.a. til okkar. Slík þróunaraðstoð er raunhæf og árangursrík.

2 Þjóðaratkvæðagreiðsla verði samhlíða sveitarstjórnakosningunum um hvort ljúka eigi aðildarsamningi við Evrópusambandið. Samningurinn verði síðan lagður undir þjóðina þegar hann liggur fyrir.

→ Okkar landbúnaður er bæði með belti og axlabönd og kostar heimilin allt of mikið, sérstaklega þau efnaminni.

Báðir stjórnarflokkarnir hafa það í sinni stefnu að aðildarsamningum verði ekki fram haldið nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Þeir ýta framkvæmdinni á undan sér af hræðslu við að samþykkt verði að ljúka samningum. Það þarf því að hjálpa þeim við að standa við loforðin sem þeir hafa gefið kjósendum sínum. Sumum þeirra finnst hlægilegt til þess að hugsa að þurfa að fara að þjóðarvilja, lengi skal manninn reyna.

Aðild að ESB gagnast heimilunum í landinu meðal annars með opnum viðskiptum og traustum alþjóðlegum gjaldmiðli. Þegar búið er að opna á innflutning landbúnaðarvara sbr. ofangreint, verður auðvelt að ná samningum því sjávarútvegurinn verður ekki vandamál eftir þær breytingar sem sambandið gerði nýlega á sinni sjávarútvegsstefnu. Með samningum fáum við tollfrjálsum aðgang fyrir fullunnar sjávarafurðir á Evrópumarkað, núna er á þeim 10% tollur. Það verður því nettó ávinningur af samningum hvað varðar sjávarútveginn og tækifæri opnast á sviði sem við kunnum vel til verka sem mun nýtast til athafna á alþjóðavísu.

Ef fólk vill sækja kaupmáttaraukningu og bætt lífskjör þá liggur leiðin um breytingar eins og þær sem að ofan er lýst en síður um krónutöluhækkunar launa. Gott og gleðilegt ár.

Mikilvægt



Magnesium plus með B12, B6 og fólínsýru er slakandi og styrkjandi fyrir líkama og sál. Nutra eru gæða vítamín á betra verði.

nutra


BONUS

HAGKAUP

NÝTT KOLALAUSAR VÉLAR

DEWALT

- á heima hjá Sindra -



Hraðvirkari í notkun



Ný 13 mm stálpatróna



LED vinnuljós – engir skuggar



Nýjar 2Ah rafhlöður



BRUSHLESS

DCD795
höggborvél

**RUNTIME
THAT CANNOT BE
BEATEN**



DCD795M2

18V HLEÐSLUBORVÉL

Öflug 18V kolalaus hleðsluborvél m. höggi
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*4,0Ah
Hersla: 60Nm
Þyngd: 1,88 kg
Gírar: 2
LEDljós

Kynningarverð

71.900 m/vsk.
Rétt verð 78.098



DC886M2

18V HERSLUVÉL

Öflug 18V kolalaus hersluvéll
Bitahaldari: 1/4"
Rafhlaða: 2*4,0Ah
Hersla: 165Nm
Afli: 260W
Þyngd: 1,57 kg
LEDljós

Kynningarverð

81.900 m/vsk.
Rétt verð 89.997



DCD790M2

18V HLEÐSLUBORVÉL

Öflug 18V kolalaus hleðsluborvél
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*4,0Ah
Hersla: 60Nm
Þyngd: 1,84 kg
Gírar: 2
LEDljós

Kynningarverð

69.900 m/vsk.
Rétt verð 75.987



DCD790D2

18V HLEÐSLUBORVÉL

Öflug 18V kolalaus hleðsluborvél
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*2,0Ah
Hersla: 60Nm
Þyngd: 1,62 kg
Gírar: 2
LEDljós

Kynningarverð

55.900 m/vsk.
Rétt verð 61.987

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



GOTT HÚSRÁÐ

Það getur verið snúið að skera beikon. Góð leið til að auðvelda sér verkið er að frysta sneiðarnar í dálitla stund áður en hnífnum er beitt.

BASE by d line

JARN&GLER
Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is



ATTIKATTI Hugmynda- og viðburðasmiðjuna Attikatti skipa Hanna Dís Whitehead, Hanna Jónsdóttir, Bára Kristgeirsdóttir og Rúna, Thors. Þær óska eftir íslenskum sögum um te.

MYND/ATTIKATTI

SAFNA SÖGUM UM TE

ÍSLENSK HÖNNUN Hugmynda- og viðburðasmiðjan Attikatti rannsakar íslenska temningu og óskar eftir íslenskum sögum um te og tedrykkju.

Við völdum nú hönnuði og arkitekta til að vinna út frá orðinu Te. Í mars opnum við svo tíma-bundið Te-hús í Sparki Design space á Klapparstíg þar sem kynnt verður „hin íslenska tehefð“, eins og við túlkum hana. Við lýsum því eftir sögum um te og tehefðir fólks, uppskriftum og slíku,“ útskýrir Rúna Thors, ein fjögurra liðsmanna hugmynda- og viðburðateymisins Attikatti.

„Við ætlum að horfa á hvernig fólk hagar sér á Íslandi miðað við Japana til dæmis. Íslendingar eru meira fyrir að skella bara Melroses-poka í heitt vatn en Japanar stunda ýmiss konar serimóníur í kringum sína tedrykkju. Við höfum ekki fundið neina tesögu Íslands enn þá.“

Rúna segir hugmyndina hafa sprottið út frá uppástungu sem ein úr hópnum fékk, um að hanna tehettu. Þær hafi í framhaldinu sökkst sér í umræður um tehettu og temningu yfirleitt og á Restaurant day í Reykjavík síðasta nóvember buðu þær upp á ýmsa rétti, unna út frá tei.

„Þann viðburð kölluðum við TEASER og buðum upp á te-kökur og fleira unnið úr tei og gúrkusamlokur en þær ein-kenna breska temningu. Nú einbeitum við okkur að því að skoða íslenska temningu og munum búa til íslenska tehefð út frá þeim rannsóknum okkar. Í Sparki munum við setja upp einhvers konar athöfn í kringum tedrykkju og fólk sem mætir á viðburðinn mun ekki bara fá tepoka í bolla. Það er ekki komin mynd á athöfnina enn þá en það mun skýrast þegar við fáum sögurnar í hendurnar. Við munum einnig taka saman bók með myndum af verkum þeirra hönnuða sem taka þátt í verkefninu, og bókin mun einnig innihalda einhvers konar skrásetningu á tehefðum Íslands. Draumurinn er svo að ferðast með sýninguna víðar og jafnvel út fyrir landsteinana og kynna íslenska temningu.“

En drekka meðlimir Attikatti sjálfar te? „Ég er sú eina sem drekk ekki te, drekk ekki einu sinni kaffi,“ segir Rúna hlæjandi. „Ég hlýt að komast á bragðið.“

■ heida@365.is

SÖFNUN

Sögur um te og tedrykkju, uppskriftir og hefðir má senda Attikatti á Facebook, í tölvupósti á contactattikatti@gmail.com.

TUDOR RAFGEYMAR

Hvalvatn 2013

Er bíllinn viðbúinn kuldanum í vetur?

TUDOR SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

Rýmum

til fyrir nýjum heilsudýnum og bjóðum því góðan afslátt af frábærum verðum!

Komdu og gerðu ævintýrlega góð kaup!

20% afsláttur af lökum og hlífðardýnum við dýnukaup.

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 litrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Parftu að pissa oft á nóttunni?
PRO-STAMINUS
Öflugt efni fyrir karlmenn 50+
Einfalt - 2 töflur á dag
www.gengurvel.is
Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórumarkaða

Verð frá 7990
VIFTUR
íshúsið
viftur.is
Smíðjuvegur 4a, 200 Kópavogur, græn gata

ÚTSALA
Allt að 70%
AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM
Río Tungusófi 3+t verð **149.900** áður ~~336.200~~
Havana bogasófi verð **199.900** áður ~~302.166~~
Tungusófar frá **125.900 kr**
Hornsófar frá **129.900 kr**
Sófasett frá **199.900 kr**
Sjónvarpskápur **55.900**
Skenkur **77.000**
Sjónvarpskápar frá **33.500**
Barskápur **89.000**
Rúm frá **99.000**
Opið virka daga kl. 10-18 laugard. 11-16
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is



GOTT NÁMSUMHVERFI Verk Bryndísar þykja bæði falleg auk þess sem þau mynda fyrirmyndarhljóðvist. Því hlýtur að vera afar gott að læra innan um þau.

MYND/GVA

LITADÝRÐ OG LEIKGLEÐI Í FMOS

LIST Bryndís Bolladóttir listakona sér um listskreytingar í nýju húsi Framhaldsskóla Mosfellsbæjar. Bryndís hefur sérhæft sig í innsetningum til að deyfa og dempa hljóð með veggverkum úr þæfðri ull.

Nýtt húsnæði Framhaldsskólans í Mosfellsbæ var vígt síðastliðinn föstudag. Litríkar og nýstárlegar veggskreytingar Bryndísar Bolladóttur eru áberandi í skólanum.

Bryndís varð hlutskörpust í lokaðri samkeppni um listskreytingu skólans sem haldin var árið 2011 og hefur unnið að verkefninu síðan. „Arkitektar skólans voru mjög sniðugir. Þau Aðalheiður Atladóttir & Falk Krüger hjá a2 arkitektum vildu ekki aðeins að listamaðurinn kæmi með listaverk inn í skólan heldur ætti hann að ákveða litakortið fyrir húsnæðið allt,“ segir Bryndís, en litapallettan sem hún valdi er gegnumgangandi bæði í gleri utan á skólanum, í húsgögnum og verkum Bryndísar.

Bryndís segir strúktúr skólans náttengdan náttúrunni en helstu efnin eru gróft tréverk og steinsteypa. „Hugmyndafræði skólans er afar góð og snýst um að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og endurnýtingu. Ég fékk fín gögn í hendurnar í upphafi þar sem ég las hugmyndafræði arkitektanna og lagði út frá henni í minni vinnu,“ segir Bryndís en hugmyndir hennar snerust um hringrás. „Ég sá fyrir mér biðukollu af fifu sem svifur um loftið og lendir hér og þar,“ segir Bryndís sem valdi liti út frá náttúrunni, til dæmis sóleyjargulan, himinbláan og grasgrænan.

HAGNÝT LIST

Listskreytingar Bryndísar eru ekki aðeins fyrir augað heldur þjóna þær einnig hagnýtum hljóðvistfræðilegum tilgangi. Hún hefur í mörg ár unnið með hljóðverkfræðingum og Nýsköpunarmiðstöð við að skapa veggverk úr þæfðri ull til að deyfa og dempa hljóð. Verk hennar hafa vottun upp á að hljóðvist þeirra sé í A-flokki sem verður vart betra. Íslenska ullin virðist henta sérlega vel í hljóðvist þar sem hljóðið bylgjast óreglulega inn í langa þræði hennar.

Eitt af verkefnum Bryndísar var að hanna gólf í skólanum. „Ég hannaði gólf úr endurunnum bjórflöskum en ekki fékkst vottun til að setja það í opinbera byggingu,“ segir Bryndís. Þess í stað var ákveðið að nota verk hennar víðar í skólanum en einungis í matsalnum eins og upphaflega var ætlunin. Verk hennar er nú að finna í matsalnum, nokkrum skólastofum, fundarherbergi og kennara-herbergi. „Ekkert rými er eins og hvert hefur sitt séreinkenni,“ segir Bryndís sem vann hvert verk út frá rýminu sem það var ætlað í.

■ solveig@365.is



LISTAMAÐURINN Bryndís fyrir framan verk eftir sig í einni skólastofu framhaldsskólans.



NÁTTÚRAN Bryndís notaði náttúrulega liti á borð við sóleyjargulan, himinbláan og grasgrænan.



ÓLÍK RÝMI Hvert rými hefur sitt sér einkenni.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Kolbeinn Kolbeinsson, kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson Löggtur fasteignasali Sími 897 8266 | Sigurður Samúelsson Löggtur fasteignasali Sími 896 2312 | Sveinn Eyland Löggtur fasteignasali Sími 690 0820 | Íris Hall Löggtur fasteignasali | Þórarinn Thorarensen Söluþjafi Sími 770 0309 | Kristberg Snjólfsson Sölufulltrúi Sími 892 1931 | Eggert Mariúson Sölufulltrúi Sími 690 1472 | Haraldur Ómarsson Sölufulltrúi sími 845 8286 | Sigurður Fannar Guðmundsson Sölufulltrúi Sími 897 5930 | Benedikt Ólafsson Sölufulltrúi Sími 661 7788

100% Þjónusta = árangur*

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!



Auður Kristinsdóttir
löggtur fasteignasali



Vantar eignir á skrá!

Mikil eftirspurn

Sími 824 7772

audur@fasteignasalan.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Útsýni til sjávar

Fasteignasalan Miklaborg kynnir: Glæsilegt tvílyft einbýlishús við Tjarnarstíg á Seltjarnarnesi. Tvöfaldur bílskúr og útsýni til sjávar.



Tvílyft einbýli með útsýni til sjávar.

Parket er á stofum og svefnherbergjum og granít á gestasnyrtingu og forstofu. Gólfhiti er í eldhúsi, forstofu, gestasnyrtingu og baðherbergi.

Aðkeyrsla að tvöföldum bílskúr er hellulögð og upphitun og þar er bæði heitt og kalt vatn og rafmagn.

Í garðinum er stór pallur og upphitað gróðurhús og matjurtagarður. Góðir skólar eru í hverfinu, sundlaug, verslun og þjónusta í göngufæri.

Nánari upplýsingar um eignina veitir Jórunn í síma 845-8958 eða jorunn@miklaborg.is.



Eldhús var endurnýjað árið 2002.



Samliggjandi, bjartar stofur.

Húsið er steipt með viðarklæðningu og mikið endurnýjað. Byggt var við stofu árið 2006. Á efri hæð eru tvær samliggjandi stofur, eldhús, hjónaherbergi, hol og gestasnyrtning. Stofurnar eru rúmgóðar og bjartar og með útsýni til sjávar og til Bláfjalla. Eldstæði er í stofu og útgengi á suðursvalir. Gestasnyrtning og eldhús voru yfirfarin og allt endurnýjað árið 2002. Falleg viðarinnrétting er í eldhúsi og granít á borðum. Hjónaherbergi er bjart og með góðum fataskápum. Á neðri hæð eru þrjú svefnherbergi, baðherbergi og gufubað. Eitt herbergjanna er með fataskápum. Baðherbergið er flísalagt í hól og gólf og var endurnýjað árið 2006. Þar er bæði baðkar og sturta. Innangengt er í gufubað úr baðherbergi en klefinn rúmar sex manns.

heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson lögg. fasteignasali | Finnþógi Hilmarsson lögg. fasteignasali | Gústaf Adolf Björnsson lögg. fasteignasali | Stefán Már Stefánsson sölufulltrúi | Erla Dröfn Magnúsdóttir lögg. fræðingur | Ásdís Irena Sigurðardóttir skjalagerð



Finndu okkur á Facebook



Kvisthagi 29
Opíð hús á morgun þriðjudag frá kl. 17:15 - 17:45.
Töluvert endurnýjuð 3ja herbergja, 93 fm íbúð á jarhæð/kjallara. Íbúðin skiptist í tvö góð herbergi og stóra stofu. Parket á gólfum og endurnýjað bað. Sérinnangangur. Góð staðsetning í Vesturbænum. Er laus strax. Verð 28,9 millj.



Kópavogsbraut 3
Opíð hús í dag mánudag kl 17:30-18:00
Vönduð fullbúin nýleg 2ja herbergja, 65 fm endaíbúð á 3. hæð. Gott skipulag, vandaðar innréttingar og gólfefni, suður svalir og gott útsýni. V. 23,9 m Laus til afhendingar.



Hátún - Góð 2ja herb.
Vel staðsett og skipulögð um 60 fm íbúð í kjallara. Eignin þarfnast lítillhátar standsetningar. Tilvalin sem fyrstu kaup.
Verð: 16.5 millj.



Blikahólar - 3ja + bílskúr
Fin 85 fm 3ja herbergja íbúð á annarri hæð ásamt sérstæðum 26,2 fm bílskúr, samtals 111.2 fm. Parket og flísar á gólfum. Mikið útsýni og góðar grillsvalar. Verð 21,9 millj.



Hólmvað - sérhæð
Vönduð 155 fm neðri sérhæð með bílskúr. Hæðin er 4ra - 5 herbergja og er á tveimur hæðum. Suður svalir og vernd í bakgarði. Gott skipulag og vandaðar innréttingar. V. 39,9 m. Seljandi leitar sér að stærri eign í hverfinu.



Furuás - einbýli.
Sérlega vel hannað um 250 fm einbýlishús á einni hæð í Garðabæ. Húsið er vandað að allri gerð og í því eru fjögur stór svefnherbergi. Björt stofa og borðstofa með mikilli lofthæð. Stórt fjölskyldueldhús, sólpallar og heitur pottur. Tvöfaldur innbyggður 51 fm bílskúr. Verð 74 milljónir. Áhv. 39,3 millj.



Síðumúli - til leigu/sölu
Til leigu og sölu gott 630 fm atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum. Eignin samastendur af iðnaðarhúsnæði og skrifstofum á götuhæð og vörulegar í bakhúsi. Eignin er skráð samtals 630 fm. Henni er nú skipt upp í tvö hluta. Stærri bílið ca 570 fm á tveimur hæðum og ca 60 fm bíl í bakhúsinu með sér innkeyrsludyr.



Akralind - atvinnuhúsnæði.
Mjög snyrtilegt atvinnuhúsnæði, 120 fm ásamt millilofti. Stórar innkeyrsluhurðir og góð lofthæð. Eldhús og snyrting. Vel staðsett húsnæði neðan götu. Verð: 22,0 millj.



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Guðmundur H. Steinþórsson
Lögg. fasteignasali
gs@fastmark.is



Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasali
elias@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Sálumaður
gsti@fastmark.is



Elín D. Wyszamirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Halveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Skúlagata- Reykjavík. 5 herbergja.



Falleg og björt 5 herbergja íbúð á efstu hæð með mjög mikilli lofthæð og útsýni til sjávar í þessu glæsilega og nýendurnýjaða húsi við Skúlagötu 40b. Íbúðin er fyrir 60 ára og eldri. Sjónvarpsstofa með útgengi á svalir. Rúmgóð stofa með miklum gluggum. Tvö svefnherbergi. Gott aðgengi og mjög stórt sér bílastæði í bílageymslu í kjallara með geymslu innaf. Íbúðin er laus til afhendingar strax.

Verð 41,9 millj.

Lækjasmári - Kópavogi. 4ra herbergja íbúð.



Mjög falleg og björt 103,6 fm. íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýlishúsi með lyftu á frábærum stað auk 4,7 fm. sér geymslu í kj. Rúmgóð stofa. Þrjú svefnherbergi. Þvottaherbergi innan íbúðar. Yfirbyggðar svalir til vesturs, flisalagðar. Góð aðkoma er að húsinu og sameign er öll til fyrirmyndar. Góð staðsetning. Stutt í þjónustu.

Verð 34,0 millj.

Eldri borgarar



HVASSALEITI 58.

- Góð 65,4 fm. íbúð á 2. hæð í þessu eftirsóttá húsi.
- Tvær geymslur fylgja íbúðinni
- Stofa með útgangi á svalir til suðvesturs.
- Sameign til fyrirmyndar. Þjónustusel á jarðhæð.

26,9 millj.

3JA HERBERGJA



NJÁLSGATA 62. 2JA - 3JA HERBERGJA

- Mikil endurnýjuð 58,5 fm. íbúð á 5. hæð.
- Suðursvalir með fallegu útsýni.
- Íbúðin er í dag 2ja herb., auðvelt að bæta við herbergi.
- Laus til afhendingar strax.

21,9 millj.

4RA- 6 HERBERGJA



ÁSBRAUT- KÓPAVOGI. 4RA HERB.

- 85,9 fm. íbúð á 4. hæð ásamt 25,2 fm. bílskúr.
- Suðursvalir með miklu útsýni.
- Rúmgóð stofa. Þrjú herbergi.
- Húsið hefur allt verið klætt að utan.

24,9 millj.

SÉRBÝLI



DRAUMAHÆÐ – GARÐABÆ.

- Glæsilegt 159,1 fm. 5 herb. raðhús á tveimur hæðum.
- Stofa með stórum útbýgðum gluggum.
- Rúmgóð sjónvarpsstofa sem hægt er að breyta í svefnherbergi.
- Útsýni. Stórar suðursvalir. Skjólsgóð verönd til suðurs.

53,9 millj.

2JA HERBERGJA



SKELJAGRANDI- REYKJAVÍK.

- 56,2 fm. íbúð á 1. hæð með sérinngangi.
- Suðursvalir. Sér stæði í bílageymslu.
- Stutt í skóla, leikskóla og alla þjónustu.
- Íbúðinni fylgir 11 fm. sér geymsla í kjallara.

21,9 millj.



KÓPAVOGSBRAUT- NEÐRI SÉRHÆÐ.

- Glæsileg 134,0 fm. neðri sérhæð í nýlegu fjölbýlishúsi.
- Hvítar háglansinnréttingar í eldhúsi og baðherbergi.
- Skjólsgóð verönd til suðurs. Harðviðarúthúðir og gluggar.
- Sjávarútsýni úr stofu og af verönd. - Húsið klætt með flisum.
- Harðviðarúthúðir og gluggar.

36,9 millj.



HLÍÐARVEGUR - SUÐURHLÍÐAR KÓP.

- Nánast algjörlega endurnýjuð 108,8 fm. 4ra herb. íbúð.
- Nýtt eldhús, baðherbergi og gólfefni.
- Sér inngangur. Stór suður verönd.
- Ný hellulögn fyrir framan hús.

36,9 millj.



EFSTILUNDUR - GARÐABÆ.

- Frábærlega staðsett 195,5 fm. einbýlishús.
- 895,0 fm. lóð við opið svæði með útsýni að Heiðmörk.
- Samliggjandi bjartar stofur. Fjögur herbergi.
- Húsið hefur verið mikið endurnýjað á undanföllum árum.

59,9 millj.



ÖLDUGATA – HAFNARFIRÐI

- 51,4 fm. íbúð í kjallara í eldra steinhúsi.
- Björt stofa með glugga á tvo vegu.
- Falleg og gróin lóð.
- Sérinngangur. Laus til afhendingar strax.

12,9 millj.



BÁSBRYGGJA- REYKJAVÍK.

- Glæsileg 100,0 fm. íbúð á 1. hæð í litlu fjölbýlishúsi.
- Frábær staðsetning við sjávarkambinn. 30,8 fm. bílskúr.
- Opið eldhús. Rúmgóð stofa. 2 herbergi.
- Sjávarútsýni af svölum. Þvottaherb. innan íbúðar.

36,9 millj.



BRÁVALLAGATA. TVÆR ÍBÚÐIR.

- Vel skipulögð 4ra herb. 85,4 fm. íbúð á 2. hæð.
- Sér um 40 fm. 2ja herb. nýnnréttuð íbúð í risi.
- Barnvænn bakgarður á milli Ljósavallagötu og Ásvallagötu.
- Skjólsgóðar svalir til suðurs.

39,9 millj.



ÁSBÚÐ- GARÐABÆ.

- Fallegt 306,6 fm. tvílyft einbýli með 68,8 fm. innb. bílskúr.
- Stofur með arni. Nýlega endurnýjað eldhús. 6 herbergi.
- Auðvelt er að útbúa sér íbúð á neðri hæð hússins.
- Lóð nýlega endurnýjuð og vísar að tærstum hluta til suðurs.

79,9 millj.



LAUGARÁSVEGUR

Laugarásvegur – Reykjavík. Parhús.

200,0 fm. parhús á tveimur hæðum að meðtöldum 22,2 fm. innbyggðum bílskúr á þessum eftirsóttá stað í Laugardalnum. Stofa og borðstofa með aukinni lofthæð. Fallegur arinn í stofu. Útgangur á flisalagðar svalir til suðurs út af stofum og holi. Tvö herbergi auk tólmundaherbergis. Setustofa fyrir framan hjónaherbergi með rennihurð í garð. Lóðin er gróin með trjám og runnum. Hellulögð verönd. Eignin er laus til afhendingar fljótlega. **Verð 65,0 millj.**



17. JÚNÍTORG

17. Júnítorg – Sjálandi. 2ja – 3ja herbergja útsýnisíbúð

Glæsileg 119,8 fm. 2ja - 3ja herbergja útsýnisíbúð á efstu hæð í Sjálandi í Garðabæ auk sér stæðis í lokaðri og uppþitaðri bílageymslu. Íbúðin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Rúmgóðar stofur, eitt svefnherbergi og sjónvarpshol. Auðvelt er að gera auka svefnherbergi í íbúðinni. Flisalagðar svalir til suðurs og vesturs. **Verð 45,0 millj.**

HESTHAMRAR



Hesthamrar – Reykjavík

Glæsilegt og afar vel skipulagt 181,5 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 31,6 fm. innbyggðum bílskúr í Grafarvogi. Húsið er allt í mjög góðu ástandi að innan og utan og lóðin er falleg, skjólsæl og afgirt með verönd til suðurs og nýlega hellulagðri innkeyrslu og stéttum fyrir framan hús með hitalögnum undir. Að innan er húsið allt innréttað með ljósum viði og loft eru öll tekin upp og klædd með aski. Innfelld lýsing er í öllum loftum. Allar innréttingar, hurðir og fataskápar í húsinu eru úr aski.

Verð 59,9 millj.



Lækjargata – Hafnarfirði - Verslunar, skrifstofu- og lagerhúsnæði.



148,9 fm. verslunar-, skrifstofu- og lagerhúsnæði í nýlegu húsi auk tveggja sér bílastæða í bílageymslu.

Húsnæðið er allt ný innréttað og í afar góðu ástandi. Fullfrágengin og malbikuð lóð með fjölda bílastæða. Loftræstikerfi er í húsnæðinu. Tölvuskápur fylgir. Miklar og góðar raf- og tölvulagnir eru í eignarhlutanum. Verslun með stórum gluggum út að götu. Lager með 3,5 metra lofthæð. Seljandi myndi athuga með skipti á íbúð á svipuðu verði eða ódyrari.

27,9 millj.

Bolholt. Skrifstofuhúsnæði til leigu.



Til leigu gott skrifstofuhúsnæði á 3. hæð í vel staðsettu lyftuhúsi miðvæðis í Reykjavík við fjölfarna umferðaræð. Húsnæðið er 237,3 fermetrar að stærð auk 23,2 fermetra sameign, samtals 260,5 fermetrar og skiptist í móttöku, fjölda skrifstofuherbergja, fundarherbergi, kaffistofu o.fl. Góðar tölvulagnir.

Sanngjörn langtímaleiga. Húsnæðið er laust til afhendingar nú þegar.

SÉRBÝLI



BRÚNÁS- GARÐABÆ

Afar glæsilegt 251,2 fm. einbýlishús á þremur pöllum á frábærum útsýnisstað við opið svæði í Garðabæ. Tvöfalt og prefalt gler er í gluggum. Gluggar og útihurðir eru úr harðviði. Mjög mikil lofthæð er í stærstum hluta eignarinnar og loft þar klædd með sedrusviði. Stórar og bjartar stofur með mikilli lofthæð og mjög miklum gluggum til norðvesturs. Sjónvarpsstofa með útgengi á lóð.

89,0 millj.

SÉRBÝLI



STARARIMI- REYKJAVÍK.

Mjög gott 207 fm (+ 70 fm lagnakjallari) tvílyft einbýlishús í Grafarvogi. Tvær íbúðir eru í húsinu í dag. 37,8 fm. flisalagður bílskúr. Aðalíbúðin skiptist m.a. í hol, 3 svefnherbergi, baðherbergi, stofu og eldhús. Sér 2ja herbergja íbúð á neðri hæð. Lóð til suðvesturs. Mikil timburverönd fyrir framan hús með skjólveggjum.

67,0 millj.

4RA- 6 HERBERGJA



LINNETSSTÍGUR – HAFNARFIRÐI. „PENTHOUSE“

Stórglæsileg og óvenju vönduð 157,4 fm penthouse íbúð ásamt tveimur sér stæðum í bílageymslu í nýlegu frábærlega staðsettu lyftuhúsi í hjarta miðbæjar Hafnarfjarðar. Eignin er byggð árið 2005 og hefur aldrei verið búíð í eigninni. Innréttingar eru í hæsta gæðaflokki. Gegnhelt parket. Hjónasvíta með baðherbergi og fataherbergi inn af. Stórar stofur með útgengi út á mjög stórar svalir

65,0 millj.



ÓLAFSGEISLI- REYKJAVÍK.

Stórglæsilegt og vandað 240,1 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á stórrí og viðhaldslitilli hornlóð á frábærum útsýnisstað. Klætt að utan með íslensku líbarítí. Mjög mikil lofthæð er á efri hæð hússins og innfelld lýsing í öllum loftum hússins. Arinn úr íslensku grjóti. Stórar samliggjandi stofur. Hjónasvíta. Allar innréttingar eru sérsmiðaðar. Arkitekt hússins er Kristinn Ragnarsson og innanhússarkitekt er Ellen Tyler.



HLÍÐARHVAMMUR – KÓPAVOGI.

166,1 fm. einbýlishús sem er hæð og kjallari að meðtöldum 40,5 fm. bílskúr í grónu hverfi í suðurhlíðum Kópavogs. Húsið og bílskúrin eru klædd að utan með litaðri aluzink klæðningu. Gólfíðir gluggar í stofu. Þrjú herbergi. Bæði innangengt og sér innangur í kjallara. Lóðin er 914,0 fermetrar að stærð, ræktuð og frágengin.

42,9 millj.



PINGHOLTSSTRÆTI – REYKJAVÍK. 4RA HERBERGJA.

Glæsileg og mikið endurnýjuð 99,2 fm. íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi í miðborginni. Íbúðin er í enda húss og með gluggum í þrjár áttir og svölum til suðvesturs. Rúmgóð stofa. Borðstofa með útgangi á svalir. Tvö herbergi. Glæsileg eign sem hefur verið mikið endurnýjuð undanfarin ár.

38,5 millj.

VIÐARÁS



Viðarás- Reykjavík.

Vandað 192,8 fm. parhús á tveimur hæðum með 23,6 fm. innbyggðum bílskúr í Selásum. Stofa með góðri lofthæð. Eldhús með eikarinnréttingu og eyju. Þrjú svefnherbergi. Góð lofthæð í bílskúr og milliloft yfir hluta hans. Skjólgóð viðarverönd til suðurs útaf neðri hæð og svalir til suðurs útaf efri hæð. Ræktuð lóð. Verð 48,5 millj.



ARATÚN



Aratún - Garðabæ.

Mikið endurnýjað 179,4 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 30,1 fm. bílskúr. Það sem hefur verið endurnýjað nýlega eru baðherbergi, eldhúsinrétting, þvottaherbergi, gólfefni, raflagnir og rafmagnstöflu að langmestu leiti og innihurðir að hluta. Stofa og borðstofa/sólstofa með útgangi á lóð. Fjögur svefnherbergi. Ræktuð lóð með stórrí timburverönd og hellulagðri innkeyrslu. Verð 53,9 millj.





Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali
Guðmundur Sigurjónsson, lögg. fasteignasali
Porleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali
Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali
Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali
Hilmar Þór Hafsteinnsson, lögg. leigumíðlari, lögg. fasteignasali
Magnús Geir Pálsson, sölumaður
Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali
Guðlaugur I. Guðlaugsson, sölumaður
Reynir Björnsson, lögg. fasteignasali
Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri
Elin Porleifsdóttir, ritari
Ásdís H. Júlíusdóttir, ritari
Guðrún Magna Arnadóttir, ritari

LÆKJASMÁRI 4 - 7. HÆÐ



OPÍÐ HÚS
mánudag

Mjög falleg og vel um gengin 96 fm 3ja herbergja íbúð á 7. hæð í góðu lyftuhúsi. Þvottahús innan íbúðar, baðherbergi með sturtu og badkari, björt stofa með útgengi út á stórar suður svalir. Tvær lyftur eru í húsinu auk þess sem eignin er álklaedd að utan.

Eignin verður sýnd mánudaginn 27. janúar milli kl. 17:30 og kl. 18:00. V. 31,8 m. 3493

BARMAHLÍÐ 37 - NEDRI SÉRHÆÐ



OPÍÐ HÚS
mánudag

Mjög glæsileg og ný standsett ca 111 fm neðri sérhæð á þessum vinsæla stað í hlíðum Reykjavíkur. Rúmgott, fallegt og nýtt eldhús, björt og falleg stofa með gluggum á tvo vegu. Baðherbergi einnig ný standsett með flisum, innréttingu og sturtu. Íbúðin er með nýjum gólfefnum og ný máluð.

Eignin verður sýnd mánudaginn 27. jan. milli kl. 17:30 og 18:30 V. 35,9 m. 3529

FAGRIHJALLI 82 - FALLEGT PARHÚS.



OPÍÐ HÚS
mánudag

5 - 6 herbergja raðhús á tveim hæðum ásamt risi og innbyggðum bílskúr. Húsið skiptist í tvær hæðir og ris. 1. hæð, anddyri, tvö svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og sjónvarpshol (möguleiki að breyta í svefnherbergi). 2. hæð, stofu, borðstofu, eldhús, baðherbergi og tvö svefnherbergi.

Eignin verður sýnd mánudaginn 27. jan. milli kl. 17:15 og 17:45 V. 45,9 m. 3503

FELLAHVARF 1. 0201 - LAUS STRAX



OPÍÐ HÚS
mánudag

4ra herb. 119,3 fm glæsileg útsýnisíbúð á 2.h. með einstakl. glæsileg útsýni til austurs og suðurs á bæði fjöllin og að hluta út á Elliðavatn. Þrjú góð svefnherb. Stórar suðursvalir. Möguleiki að yfirtaka áhvilandi lán að hluta.

Eignin verður sýnd mánud. 27. jan. milli kl. 17:15 og 17:45 V. 33,9 m. 3277

GRUNDARGERÐI 29 - EINBÝLISHÚS.



OPÍÐ HÚS
mánudag

Mikið endurnýjað og vel staðsett 174,1 fm einbýlishús sem eru tvær hæðir og hluti í kjallara. Fallegur garður með verönd og heitum potti. Sérbílastæði á lóð. Frábær staðsetning. V. 52,9 m.

Eignin verður sýnd mánudaginn 27. janúar milli kl. 17:00 og kl. 18:00. 3475

GRUNDARÁS 19 - RAÐHÚS M. TVÖF. BÍLSK.



OPÍÐ HÚS
þriðjudag

Fallegt og vel viðhaldið endaraðhús á þremur þöllum ásamt sérstæðum tvöföldum bílskúr. Fallegt útsýni er yfir borgina. Fjölskylduvæn staðsetning, stutt í skóla, sundlaug og íþróttastarf.

Eignin verður sýnd þriðjudaginn 28. janúar milli kl. 17:15 og kl. 18:00. V. 55,9 m. 3477

VESTURGATA 7 - ÍBÚÐ 0307 LAUS FLJÓTL.



OPÍÐ HÚS
þriðjudag

Falleg 2ja herb. íbúð á 2.hæð í góðu lyftuhúsi fyrir eldri borgara í góðum þjónustukjarna í Vesturbænum. Mikil og góð þjónusta m.a. hægt að kaupa mat, hárgreiðsla, heilsugæsla, samkomusalur og fl.

Eignin verður sýnd þriðjud. 28. jan. milli kl. 17:15 og 17:45 V. 23,9 m. 3158

HEIÐARLUNDUR 18 - EINBÝLI MEÐ TVÖF. BÍLSK.



OPÍÐ HÚS
þriðjudag

Fallegt mjög vel skipulagt steinsteyp 185,3 fm einb. á einni hæð með innbyggðum 51,3 fm tvöf. bílskúr. Mjög vel um gengið og vel viðhaldið hús á frábærum stað. Leiksvæði. 4 svefnherb. tvær stofur. Góður ræktaður garður með trágróðri og hellulagðri verönd.

Eignin verður sýnd þriðjudaginn 28. jan. frá kl. 17:15-17:45 V. 50,9 m. 3513

VESTURBERG 157 - ÚTSÝNISRAÐHÚS



OPÍÐ HÚS
þriðjudag

Mjög snyrtilegt og vel um gengið ca 185 fm endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Bjartar stofur með arni og útgangi út á verönd með skjólveggjum. Mjög stórar svalir og glæsilegt útsýni er yfir höfuðborgina af efri hæðinni.

Eignin verður sýnd þriðjudaginn 28. janúar milli kl. 17:30 og kl. 18:00. 3531

Línakur - Glæsileg útsýnisíbúð



OPÍÐ HÚS
mánudag

Fullbúin, björt og vel skipulögð 4ra herbergja 131 fm útsýnisíbúð á þriðju hæð við. Íbúðin er með parketi og flisum á gólfum.

Eignin verður sýnd mánudaginn 27. janúar milli kl. 17:15 og kl. 17:45.

V. 40.9 millj.

50 ÁRA OG ELDRI.



Vogatunga 19 - m. bílskúr

Parhús með bílskúr fyrir 60 ára og eldri. Húsið skiptist í forstofu, hol, stofu, sólstofu, eldhús, baðherbergi og bílskúr. Húsið er innst inn í botmlanga. Falleg lóð. Hit er í innkeyrslu og stéttum. V. 37,6 m. 3469

EINBÝLI



Austurgerði Kóp. - einbýlishús á fráb. stað.

Vel skipulagt 132.2 fm einbýlishús á stórrí lóð í grónu hverfi. Húsið skiptist í forstofugang, geymslu, þvottaherbergi, hol, eldhús með borðkrók, búr, stofa, sjónvarpshol (hægt að innrétta þar fjórða herbergið), hjónaherbergi, baðherbergi og tvö herbergi. V. 37.0 millj. 3532



Dalsbyggð 11 - 210 Garðabær



Opið hús

